



Blásið var til suðrænnar veislu í Þingholtsstræti í gær þegar hið árlega „Carnival“ veitingastaðarins Sushi Social fór fram í blíðskaparveðri. Mikið var um dýrðir fyrir utan veitingastaðinn og ekki síður innandyrna þar sem gestir gæddu sér á dýrindis veitingum og nutu fjölbreyttra skemmtiatriða með suðrænni sveiflu frá landsþekktum listamönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Meiðslin ekki enn metin

LÖGREGLUMÁL Mál manns sem grunaður er um að hafa slasað lögreglumann í Reykjavík um síðustu helgi, hefur enn ekki verið sent héraðssaksóknara til meðferðar. Þetta staðfestir Friðrik Smári Björgvinsson saksóknari hjá embættinu.

Jóhann Karl Þórisson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, lýsti atviki þannig að tveir lögreglumenn hafi verið á hlaupum á eftir manni í miðborginni þegar vegfarandi brá fæti fyrir annan þeirra með þeim afleiðingum að hann féll í jörðina og sé líklega handleggsbrotinn. Sagði Jóhann Karl að atvik sem þetta yrði ekki liðið og að málið yrði kært.

Enn liggur ekki fyrir hve alvarleg meiðsl lögreglumannsins eru. Hann fer í myndatöku þann 13. júlí. — **aa** / sjá síðu 4

Yfir 20 þúsund hafa nýtt ferðagjöf ríkisins

Viðtökur Íslendinga við ferðagjöf stjórnvalda hafa verið góðar. Alls hafa sjötíu þúsund landsmenn sótt gjöfina og um tuttugu þúsund þegar nýtt hana. Þá hafa meira en fjögur þúsund fyrirtæki skráð sig til að taka við ávísuninni.

STJÓRNSÝSLA Um sjötíu þúsund Íslendingar hafa sótt sér ferðagjöf stjórnvalda, en gjöfin er liður í því að styðja við bakið á íslenskri ferðabjónustu í kjölfar kórónaveirufaraldursins. Allir Íslendingar, átján ára og eldri, eiga rétt á gjöfinni sem er í formi fimm þúsund króna gjafabréfs.

Alls hafa rúmlega 20 þúsund manns þegar nýtt ferðagjöfina. Samkvæmt upplýsingum frá stjórnvöldum nota nú að meðaltali um þúsund til fimmtán hundruð manns gjöfina



Vigdís Jóhannsdóttir

á degi hverjum. Vigdís Jóhannsdóttir, markaðsstjóri verkefnastofu um Stafrænt Ísland, segir ánægjulegt að sjá hversu jafnt notkun ferðagjafarinnar dreifist á svið innan ferðabjónustunnar.

Um 29,7 prósent þeirra sem nýtt hafa gjöfina hafa keypt veitingar, 32,7 prósent hafa greitt með gjöfinni fyrir gistingu, 28,4 prósent fyrir afþreyingu og 9,2 prósent fyrir samgöngur.

Vigdís segir að verkefnið hafi farið afar vel af stað og að ferðaþyngstu mánuðirnir, júlí og ágúst, séu framundan. Þá hafi fyrirtæki verið dugleg að skrá sig til þátttöku í verkefninu en um 4.100 fyrirtæki taka nú við ferðagjöfinni. — **bjd** / sjá síðu 4

Hálf öld frá brunanum á Þingvöllum

SAMFÉLAG Í dag eru 50 ár liðin frá því að þáverandi forsætisráðherra, Bjarni Benediktsson, eiginkona hans, Sigríður Björnsdóttir og barnabarn þeirra, Benedikt Vilmondarson, létust í bruna á Þingvöllum. Atburðurinn skók þjóðina og heimsbyggðina alla. Richard Nixon, forseti Bandaríkjanna, varð harmi lostinn þegar hann frétti um atburðinn. „Ísland hefur misst mikinn leiðtoga og við, í þessu landi, góðan vin,“ sagði Nixon.

„Það vissi enginn hvort einhver væri í húsinu eða ekki,“ rifjar Jón Eiríksson upp með Fréttablaðinu. Jón var einn þeirra sem fyrstur kom að vettvangi. Minningarstund verður um atburðinn á Þingvöllum í dag á vegum Katrínar Jakobsdóttur, forsætisráðherra. — **bb** / sjá síðu 8



Volkswagen e-Golf



Hvers manns
straumur




Tilboðsverð
e-Golf Comfort
4.490.000 kr.

100%
rafmagnsbíll

HEKLA · Laugavegur 170 · Sími 590 5000 · hekla.is/volkswagensalur

Veður



Hæg vestlæg eða breytileg átt í dag og víða bjartviðri, en skýjað við sjávarsiðuna og sums staðar dálítill væta þar. Hiti 5 til 12 stig á N-verðu landinu, annars 12 til 17 stig, hlýjast syðst. **SJÁ SÍÐU 18**



Helmingur eldri borgara er með undir 410 þúsund krónur í tekjur

Unga fólkið með lægstu launin

SAMFÉLAG Meðaltekjur Íslendinga árið 2019 voru 573 þúsund krónur á mánuði eða um 6,9 milljónir á ári. Þetta kemur fram á vef Hagstofunnar.

» Helmingur einstaklinga var með tekjur undir 473 þúsund krónum á mánuði á síðasta ári

Helmingur einstaklinga var með tekjur undir 473 þúsund krónum á mánuði á síðasta ári og helmingur yfir. Miðgildi heildartekna var 5,6 milljónir sem er tæplega eins prósentis hækkun sé miðað við árið á undan og er það töluvert minni hækkun en síðustu ár.

Tekjur voru hæstar hjá einstaklingum á aldrinum 55-74 ára, eða tæpar 700 þúsund krónur á mánuði og lægstar í aldurshópnum 16-24 ára, um 230 þúsund krónur á mánuði. Í flestum aldurshópum eru atvinnutekjur stærsti hluti heildartekna en í aldurshópnum 67 ára og eldri vega aðrar tekjur þyngst. Til annarra tekna teljast meðal annars atvinnuleysisbætur, félagsleg aðstoð og lífeyris- eða bótagreiðslur. Meðaltekjur hjá einstaklingum 67 ára og eldri voru 517 þúsund krónur en helmingur einstaklinga í þeim aldurshópi var með 410 þúsund krónur eða minna í mánaðarlegar heildartekjur á síðasta ári. – bdj

Lögð til hinstu hvílu



Fjölmenni fylgdi Jóhönnu S. Sigurðardóttur og Finni Einarssyni til grafar í gær en útförin fór fram frá Lindakirkju. Hjónin létust í mótorhjólaslysi á Vesturlandsvegi þann 28. júní síðastliðinn. Meðlimir mótorhjólaklúbbsins HOG Chapter Íslands stóðu heiðursvörð. FRÉTTABLAÐID/VALGARD



Við Kringluna. FRÉTTABLAÐID/EYÞÓR

Vilja heita potta við Kringluna

SKIPULAG World Class hefur sótt um að setja upp stöð í Kringlunni.

Samkvæmt umsókninni verður stöðin á tveimur hæðum. Fyrir utan líkamsræktartæki verður þar veitingastofa og ráðgert er nýtt útisvæði með heitum pottum við vesturhlíð Suðurhússins.

Byggingafulltrúinn í Reykjavík frestaði afgreiðslu málsins með vísan til athugasemda heilbrigðis- eftirlits.

World Class er með ómannaða líkamsræktarstöð við Kringluna sem opin er allan sólarhringinn. – bb

Óttaðist eyðileggingu listaverks úti á Nesi

Listakonan Ólöf Nordal lét loka vinsælu útilistaverki sínu á Seltjarnarnesi vegna náttúruspjalla. Aðflutt mól og grjót höfðu breytt fjörunni sem var órjúfanlegur hluti verksins. Bæjaryfirvöld hófu þegar að laga umhverfið.

SELTJARNARNES Útilistaverkinu Bollasteini við svokallaðar Kisu-klappir í fjörunni á Seltjarnarnesi hefur verið lokað tímabundið að beiðni listamannsins, Ólafar Nordal. Ástæðan er aðflutt mól og grjót í fjörunni sem raskar ásýnd verksins að mati listamannsins. „Ástæðan eru náttúruspjöll sem unnin voru á umhverfi myndverksins sem var órjúfanlegur hluti þess. Ég er mjög hrygg yfir gjörningi þeim sem átt hefur sér stað við Kisu-klappir. Fjörुकamburinn og fjaran eru nú aðflutt mól og grjót sem tekið hefur yfir náttúrulegu fjöruna og lífríki hennar,“ sagði Ólöf í færslu á samfélagsmiðlum þegar hún tilkynnti að verkinu hafi verið lokað í vikunni.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins má rekja mölina og grjótið til þess að bæjarstjórsmenn hafi gengið fullhart fram í vetur við að verja strandlengjuna fyrir ágangi sjávar. Það efni sem var nýtt til þess hafi síðan skolest inn að Kisu-klöppum og gjörbreytt umhverfi listaverksins.

Verkið Bollasteinn var pantað af Menningarnefnd Seltjarnarness árið 2004 og var síðan sett upp í júní 2005. Verkið er úr heilum grágrýtissteini sem í er sorfin hringlaga laug sem í rennur forkælt jarðhitavatn úr borholum bæjarins. Á það að vísa til fornrar laugahefðar Íslendinga. Frá því að verkið var vígt hefur það notið mikilla vinsælda meðal bæjarbúa og annarra sem sækja Seltjarnarnes heim.

Lokun listaverksins vakti því talsverða athygli og brugðust bæjaryfirvöld skjótt við gagnrýni listamannsins.

„Það er byrjað að lagfæra



Hafist var handa við að lagfæra umhverfi verksins. MYND/SIGTRYGGUR ARI

Ástæðan eru náttúruspjöll sem unnin voru á umhverfi myndverksins sem var órjúfanlegur hluti þess.

Ólöf Nordal



umhverfið og við ætlum að reyna að ná því í upprunalegt horf. Það mun þó taka einhvern tíma,“ segir Ólöf. Fyrstu viðbrögð hennar við að sjá breytt umhverfi verksins voru þau að hún taldi verkið hreinlega ónýtt. Hún segist vera mjög ánægð með viðbrögð Seltjarnarnesbæjar sem hafi verið til fyrirmyndar. „Þau ætla að koma til móts við allt sem ég hef beðið um.“

Ólöf er bjartsýn á að hægt verði að opna Bollastein að nýju fyrr en síðar. „Núna er verið að taka til í kringum það. Eftir það verður vatni hleypt á aftur. Endanleg lagfæring verður svo í haust,“ segir Ólöf. bjornth@frettabladid.is

ALLT fyrir listamanninn

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17



Við hjálpum þér að endurfjármagna



Það borgar sig að kynna sér kjör á íbúðalánum reglulega. Þú getur alltaf reiknað þitt lán og sótt um á netinu, eða pantað tíma í ráðgjöf og við hjálpum þér að velja lán sem hentar þínum markmiðum.



Ekki vitað hvort lögreglumaðurinn er handleggsbrotinn né hve alvarleg meiðsl hans eru

LÖGREGLUMÁL Mál manns sem grunaður er um að hafa slasað lögreglumann í Reykjavík um síðustu helgi, hefur enn ekki verið sent héraðssaksóknara til meðferðar. Þetta staðfestir Friðrik Smári Björgvinsson saksóknari hjá embættinu.

Samkvæmt fyrstu upplýsingum sem bárust frá lögreglunni til fjölmiðla um málið, var ráðist á lögreglumann við skyldustörf í miðborginni og hann talinn handleggsbrotinn. Málið sé í rannsókn. Skömmu eftir að tilkynningin

barst fjölmiðlum lýsti Jóhann Karl Þórisson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, atvikinu þannig í samtali við Fréttablaðið að tveir lögreglumenn hafi verið á hlaupum á eftir manni í miðborginni þegar vegfarandi brá fæti fyrir annan þeirra með þeim afleiðingum að hann féll í jörðina og sé líklega handleggsbrotinn. „Þetta verður ekki liðið“, sagði Jón Karl. Um brot gegn opinberum starfsmanni sé að ræða og það yrði kært.



Fer í myndatöku eftir helgina og þá munu meiðsl hans koma í ljós.

» Málið hefur ekki enn verið sent til héraðssaksóknara, en hann fer með rannsókn valdstjórnarbrota

Enn liggur ekki fyrir hve alvarleg meiðsl lögreglumannsins eru. Aðspurður segir Jón Karl ekki liggja fyrir hvort um handleggsbrot sé að ræða. „Nei hann fer í myndatöku 13.

júlí þá kemur þetta allt í ljós,“ segir í svari Jóns Karls við fyrirsöfnun Fréttablaðsins.

Samkvæmt lögreglulögum fer Héraðssaksóknari með rannsóknir nokkurra brotaflokka, þar á meðal svokölluðum valdstjórnarbrotum og ofbeldi gegn lögreglumönnum og málum tengdum meintu ofbeldi af hálfu lögreglumanna.

Að sögn Jóns Karls verður umrætt mál sent héraðssaksóknara, en það hefur sem fyrr segir ekki borist þangað enn. – að

Styrkja starfsemi Stígamóta

STJÓRNSÝSLA Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, hefur ákveðið að styrkja starfsemi Stígamóta um 20 milljónir króna næsta árið til að bregðast við auknu álagi í þjónustu samtakanna og draga þar með úr biðtíma eftir þjónustu, að því er segir á vef Stjórnarráðsins.

Stígamót hafa undanfarið lagt áherslu á að efla þjónustu og stytta biðtíma eftir viðtali, en eftirspurn eftir þjónustu samtakanna hefur aukist undanfarið misseri í kjölfar umræðu um kynferðisofbeldi. Sömu leiðis hefur COVID-19 sett strik í reikninginn og aukið enn á þjónustubörðina. Styrkurinn gerir samtökunum kleift að ráða tvo nýja ráðgjafa til starfa og þar með stytta bið eftir viðtali.



Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra

„Ofbeldi eykst oft í samfélaginu í kjölfar erfiðra tímabila, líkt og COVID-19 faraldursins. Það er því mjög mikilvægt að við aukum úrræði fyrir einstaklinga sem verða fyrir hvers kyns ofbeldi og greiðum aðgengi þeirra að þjónustunni. Stígamót hafa um áratugaskeið unnið vandað og mikilvægt starf með þolendum kynferðisofbeldis og stuðningurinn við samtökin er hluti af félagslegum aðgerðapakka þar sem við ætlum að grípa þá hópa sem verða fyrir miklum áhrifum vegna faraldursins,“ er haft eftir ráðherra í tilkynningu. – þp

Flestir nýta ferðagjöfina til að kaupa veitingar og gistingu

Um 70 þúsund manns hafa sótt ferðagjöf stjórnvalda og yfir 20 þúsund hafa nú þegar notað gjöfina. Jöfn dreifing er á notkun gjafarinnar, en flestir hafa nýtt hana til að kaupa gistingu og veitingar. Markaðs- stjóri segir afar ánægjulegt að sjá hversu mörg fyrirtæki taka við gjöfinni en þau eru um 4.100 talsins.

COVID-19 Í gær höfðu um sjötíu þúsund manns sótt sér ferðagjöf stjórnvalda en gjöfin er liður í því að styðja við bakið á íslenskri ferðaþjónustu í kjölfar kórónaveirufaraldursins, efla ferðaþjónustu og hvetja Íslendinga til þess að ferðast innanlands. Allir Íslendingar, átján ára og eldri, eiga rétt á gjöfinni sem er í formi fimm þúsund króna gjafabréfs.

Þá hafa 20.350 manns nú þegar nýtt ferðagjöfina og að meðaltali nota þúsund til fimmtán hundruð manns gjöfina á degi hverjum. 29,7 prósent þeirra sem nýtt hafa gjöfina hafa keypt veitingar, 32,7 prósent hafa greitt með gjöfinni fyrir gistingu, 28,4 prósent fyrir afþreyingu og 9,2 prósent fyrir samgöngur.

Vigdís Jóhannsdóttir, markaðs- stjóri verkefnastofu um Stafrænt Ísland, segir ánægjulegt að sjá hversu jafnt notkun ferðagjafarinnar dreifist á svið innan ferðaþjónustunnar. „Dreifingin er í raun mjög jöfn og það er ekki einhver einn hluti innan ferðaþjónustunnar sem er að éta allt upp til sín,“ segir hún.

Þá segir Vigdís verkefnið hafa gengið afar vel og fólk virðist ánægt með gjöfina. „Þetta fer ótrúlega vel af stað, nú eru á bilinu þúsund til fimmtán hundruð manns að nota gjöfina daglega og við gerum ráð fyrir því að þunginn sé núna í júlí og ágúst, það er megin ferðatími Íslendinga.“

Ferðagjöfin varð aðgengileg einstaklingum með lögheimili á Íslandi fæddum 2002 eða síðar



Fjölmargir hafa þegar nýtt sér ferðagjöf stjórnvalda. Mikil ánægja er með viðtökurnar. FRÉTTABLAÐID/VILHELM

þann 19. júní síðastliðinn á vefnum island.is, þar má einnig gefa gjöfina áfram sjái fólk sér ekki fært að nota hana sjálft. Jóhanna segist ekki hafa upplýsingar um fjölda þeirra sem gefið hafi ferðagjöfina áfram en að unnið hafi verið að því að einfalda það ferli.

„Nú er hægt að gefa ferðagjöfina áfram bæði á island.is og í gegnum appið svo það er auðveldara en áður og einnig auðveldara fyrir þá sem eru ekki með snjallsíma að nýta

gjöfina, við höfum reynt okkar besta til að hafa þetta eins auðvelt og mögulegt er fyrir alla,“ segir Vigdís.

Ferðagjöfina er hægt að nota hjá 4.118 fyrirtækjum um land allt og má finna upplýsingar um þátttakendur verkefnisins inni á vefsíðunni ferdalag.is. Vigdís segir afar ánægjulegt að sjá hversu mörg fyrirtæki hafi tekið upp á því að bjóða ýmis tilboð fyrir þá sem greiði með gjöfinni.

„Fólk virðist vera að nota gjöfina hingað og þangað og það er skemmtilegt að sjá hvaða leiðir fyrirtæki hafa farið til þess að ýta undir að fólk noti gjöfina sína bæði með alls konar tilboðum og jafnvel aukagjöfum fyrir þá sem nota hana hjá þeim,“ segir Vigdís.

„Það er ótrúleg hvatning úr öllum áttum og fyrir mér erum við í þessu öll saman, þannig verður þetta extra gott hvatningarátak,“ bætir hún við. birnadrofn@frettabladid.is

Laxagöngurnar í Elliðaánum miklu betri en í fyrra

LAXVEIÐI Hátt í eitt þúsund fiskar hafa nú skilað sér í gegnum teljarann í Elliðaánum. Er það mikil breyting frá í fyrra þegar aðeins 355 fiskar voru gengnir að kvöldi 8. júlí.

Á vefnum riverwatchdaily.com er hægt að fylgjast með göngum í ýmsar veiðiár, þar meðtalda Elliðaárnar. Sjá má hversu margir fiskar hafa gengið hvern dag og jafnvel myndband af því þegar þeir stinga sér í gegnum teljarann.

Af veiðinni í Elliðaánum er það að fréttu að samkvæmt nýjustu tölum, frá því miðvikudagskvöldið 8. júlí, var búið að færa 119 laxa til bókar. Veiðireglum í Elliðaánum var breytt fyrir sumarið þannig að það má aðeins veiða á flugu og skylt er að sleppa öllum löxum að frátöldum þeim sem eru örmerktir því þá þarf að færa veiðiverði.

Aflahæsta laxveiðistöðin það sem af er sumri er Eystrí-Rangá þar sem 667 laxar hafa veiðst. Urriðafoss í Þjórsá fylgir þar á eftir með



Árleg uppsetning laxateljarans í Elliðaánum var í maí. FRÉTTABLAÐID/VALLI

589 laxa og Norðurá í Borgarfirði með 404 fiski.

Veiðimenn eru býsna ánægðir með stöðu mála nú, sérstaklega miðað við algert hörmungarsumar í fyrra, sérstaklega sunnanlands og vestan. Sem dæmi um breytinguna

til þess betra má nefna að 10. júlí í fyrra höfðu aðeins 83 laxar veiðst í Norðurá og þeir urðu samtals aðeins 577 þegar upp var staðið í fyrrahaust. Í Norðurá veiðast gjarnan á bilinu 1.500 til 3.000 laxar á sumri. – gar

Fáðu lyfin send frítt heim

Þú hringir í síma 517 5500 eða sendir póst á lyfsalinn@lyfsalinn.is

LYFSALINN
GLÆSIBÆ

LYFSALINN GLÆSIBÆ
Álfheimur 74 104 Reykjavík
Sími 517 5500
www.lyfsalinn.is
lyfsalinn@lyfsalinn.is

OPNUNARTÍMI
Mán.- fös. kl. 08:30-18:00
Laugardaga: Lokað

VIÐ ELSKUM AÐ
GRILLA



15%
afsláttur



Spennandi steikarsósur sem þú verður að prófa

Verð frá **499** kr/stk



Santa Maria grillolífur

Verð frá **449** kr/stk

Sérvaldar íslenskar lambakótilettur með pipar- trufflumarineringu

3.399 kr/kg
Verð áður 3.999 kr/kg



20%
afsláttur

Kjúklingabringur

2.039 kr/kg
Verð áður 2.549 kr/kg



15%
afsláttur

Smash Style hamborgarar

2 x 120 g

509 kr/pk
Verð áður 599 kr/pk



30%
afsláttur

Kjúklingaleggir

699 kr/kg
Verð áður 999 kr/kg



Rib world grísaríf þarf aðeins að hita

1.099 kr/pk



Sweet Baby Ray's BBQ sósur

verð frá **479** kr/stk



Hvort ert þú Crunchy, Puff eða Flamin' Hot

verð frá **649** kr/pk

Tilboð gilda út 12. júlí



Opið allan sólarhringinn
Gardabæ og Skeifunni

HAGKAUP



Frá Bræðraborgarstíg

Taki saman á ólöglegri búsetu

ÖRYGGISMÁL Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis vill viðtækt samstarf til að koma í veg fyrir búsetu í húsnæði þar sem öryggi er ábótavant.

„Í framhaldi af einum mann-skæðasta bruna síðastliðinna 30 til 40 ára þar sem þrír létust á Bræðraborgarstíg, hefur athygli verið vakin á því að víða á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis er ólögleg búseta og misbrestur er á að reglugerðum um hollustuhætti og brunavarnir sé fylgt,“ segir heilbrigðisnefndin.

Kveðst nefndin hvetja til samræmdra aðgerða allra aðila sem koma að þessum málum og nefnir í því sambandi heilbrigðiseftirlit, byggingafulltrúa, lögregluna, slökkviliðið og bæjarfélögin. Þessir aðilar ættu þegar að hefja samstarf um að koma í veg fyrir slíka starfsemi og gera ætti úttekt á því hvar sé misbrestur á því að lögum og reglugerðum sé fylgt. – gar

Tuttugu og fimm ár frá þjóðarmorðunum í Srebrenica



Teknar hafa verið grafir fyrir kistur með likum þeirra níu fórnarlamba þjóðarmorðanna í Srebrenica í Bosníu og Herzegovínu, sem nýlega fundust. Til stendur að jarðsetja jarðneskar leifar þeirra í grafreit fórnarlamba á morgun, 11. júlí sem hluta minningarathafnar um voðaverkin. Tuttugu og fimm ár verða þá liðin frá þjóðarmorðunum þegar bosniskir Serbar drápu fleiri en 8.000 bosníska múslima í Srebrenica í júlí 1995. MYND/GETTY

Malbik komið á Kjalarnes

FRAMKVÆMDIR Lokið hefur verið við að malbika að nýju vegarkafli-ann á Kjalarnesi þar sem karl og kona létust 26. júní er bifhjól þeirra rann til á hálum veginum.

Að sögn Sólveigar Gísladóttur hjá Vegagerðinni lauk framkvæmdum í fyrrakvöld. „Notað er samskonar efni en í réttum hlutföllum,“ svarar hún aðspurð um efnið sem að þessu sinni var notað á veginn.

Sólveig segir að gerð hafi verið viðnámsmæling á nýja veginum og að verið sé að vinna úr niðurstöðunum. „Allt bendir þó til að viðnámið sé viðunandi. Vegurinn verður þó áfram merktur háll og hraðinn tekinn niður í 50 þangað til búið er að staðfesta að viðnámið sé í lagi,“ útskýrir hún.

„Það er ekki vitað nákvæmlega,“ svarar Sólveig spurð hvers vegna efnið sem fyrr var lagt á Kjalarnesi



Vegakafliinn á Kjalarnesi skömmu eftir slysið í júní. FRÉTTABLAÐID/VALLI

hafi ekki verið í réttum hlutföllum. „Við vonumst til að vita meira þegar búið er að rannsaka sýni sem send voru til Svíþjóðar og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.“ – gar

Enginn hafinn yfir lög

Hæstiréttur Bandaríkjanna komst að þeirri niðurstöðu í gær að veita skuli saksóknara í New York aðgang að skattagögnum forseta Bandaríkjanna.

BANDARÍKIN „Þetta er mikilvægur sigur fyrir réttarkerfi þjóðarinnar og þá grundvallarreglu að enginn, ekki einu sinni forsetinn, sé hafinn yfir lögin,“ sagði Cyrus R. Vance Jr., saksóknari í New York, síðdegis í gær, eftir að Hæstiréttur Bandaríkjanna komst að þeirri niðurstöðu í gær að veita honum aðgang að skattagögnum Donald Trump Bandaríkjaforseta. Beiðni um aðgang að umræddum gögnum hefur velkst um í kerfinu í tæpt ár en hún tengist rannsókn á meintum þöggunargreiðslum til kvenna sem segjast hafa haldið við Trump.

„Rannsóknin hefst nú aftur, undir handleiðslu ákærkviðdóms sem hefur þá skyldu að fylgja eingöngu lögnum og staðreyndunum, hvert sem þær leiða,“ bætti Vance við.

Meðal helstu úrlausnarefna Hæstaréttar var staða forsetans með tilliti til sakamálarannsóknar en lögræðingar Trumps hafa haldið því fram að hann eigi að njóta algerrar friðhelgi meðan hann situr í embætti.

„Í réttarkerfinu okkar hefur almenningur rétt til aðgangs að sönnunargögnum hvers manns. Frá fyrstu dögum ríkisins hefur forseti þess talist þar með,“ stendur í forsendum dómsniðurstöðunnar.

Trump mótmælti niðurstöðunni á Twitter og hélt því fram að dóm- arar hefðu gefið forsetanum svigrúm í fortíðinni en hann fengi ekkert svigrúm.

Athygli hefur vakið að báðir dómarnir sem Trump hefur skipað í Hæstarétt studdu niðurstöðu meirihlutans en tveir dómarnar voru í minnihluta; Clarence Thomas og Samuel A. Alito.

Niðurstæða réttarins er hins vegar ekki án vonbrigða fyrir and- stæðinga Trumps því þrátt fyrir að saksóknarinn hafi fengið heimild til að krefjast gagnanna frá endurskóðendum forsetans, var málið



Forseti Bandaríkjanna lýsti vonbrigðum með niðurstöðuna á samskiptamiðlinum Twitter, venju samkvæmt. MYND/SAUL LOEB/AFP

Þetta er mikilvægur sigur fyrir réttarkerfi þjóðarinnar og þá grundvallarreglu að enginn, ekki einu sinni forsetinn, sé hafinn yfir lögin.

Cyrus R. Vance Jr., saksóknari í New York

sent aftur til lægri dómstiga til frekari vinnslu. Ólíklegt þykir því að upplýsingarnar liggi fyrir áður en forsetakosningarnar fara fram í nóvember.

Önnur vonbrigði felast í því að beiðni þingsins um aðgang að fjármálaupplýsingum Trumps í öðru máli var hafnað af Hæstarétti í gær með vísan til árekstra við grunnregluna um þriggreiningu ríkisvalds.

Beiðni þingsins lýtur ekki að rannsóknum eða eftirlitshlutverki þingsins heldur óskar þingið eftir upplýsingunum í þeim tilgangi að undirbúa löggjöf um fjárhagslega hagsmuni.

Nancy Pelosi forseti Bandaríkjaþings og þingflokksformaður þingflokks Demókrata, bað félaga sína að örvænta ekki þrátt fyrir niðurstöðuna. „Við höfum fengið farveg til að fylgja sem Hæstiréttur hefur nú veitt leiðsögn um. Við munum að sjálfsögðu ekki hundska hana. Við munum aldrei láta af aðhaldi okkar,“ sagði Pelosi eftir niðurstöðuna. „Það er okkar skylda samkvæmt stjórnarskrá Bandaríkjanna.“

Pelosi sagðist aldrei hafa átt von á því að gögnin yrðu afhent núna, heldur að dómstóllinn myndi veita leiðbeiningu um réttu leiðina að þeim. adalheidur@frettabladid.is

Fyrirtæki í kjölfar COVID 19 - Úrræði

Aðstoðum fyrirtæki við fjárhaglega endurskipulagningu, greiðsluskjól og nauðasamninga samkvæmt nýjum lögum um úrræði í kjölfar COVID 19.

Upplýsingar í síma 780 2728
Eco&LawConsult ehf.

AÐALFUNDUR FARFUGLA



Aðalfundur Bandalags íslenskra Farfugla verður haldinn þriðjudaginn 18. ágúst n.k. kl. 16.00 í Farfuglaheimilinu í Laugardal, Sundlaugavegi 34.

Venjuleg aðalfundarstörf og lagabreytingar

Stjórnin.

Nýr Opel Corsa-e – 100% rafmagn

„Ég er kominn heim“

Opel Corsa „Bestu bílakaupin í Evrópu“
frumsýnd á laugardag



**BEST
BUY CAR
OF EUROPE**

AUTOBEST.ORG

OPEL CORSA-E frá 3.990.000 kr.

Drægni	337 km
Rafhlaða	50 kWh
Hröðun 0-50km	2.8 sek



Birt með fyrirvara um mynd- og textabreytingar. Tökmörð mogn.

45

1975 | Sérfræðingar í bílum | 2020

Afmælissumar!

Bílabúð Benna er stofnað í maí árið 1975 og því fagnar fyrirtækið 45 ára afmæli sínu í ár. Í tilefni þessara tímamóta mun Bílabúð Benna halda upp á sannkallað afmælissumar með veglegum viðburðum. Þar munu nýjustu bílarnir frá Opel og Porsche verða frumsýndir, hver á fætur öðrum.

Við höldum áfram með afmælissumarið og frumsýnum Opel Corsa-e 100% rafmagnsbíl. Kíktu í heimsókn og sjáðu rafmagnsbílinn sem var valinn „Bestu bílakaupin í Evrópu“.

Velkomin á Krókháls 9 á laugardag, milli klukkan 12 og 16.



Porsche Taycan
100% rafmagnsbíll
Var frumsýndur í júní



Opel Corsa-e
100% rafmagn
Frumkýndur í júlí



Opel Grandland X E-Hybrid
300 hestöfl og 4x4
Frumkýndur í júlí



OPEL GOES ELECTRIC

benni.is

Reykjavík
Krókháls 9
590 2000

Reykjanesbæ
Njarðarbraut 9
420 3330

Opið virka daga frá 9 til 18
Laugardaga frá 12 til 16
Verið velkomin í reynsluakstur

**Bílabúð
Benna**
Sérfræðingar í bílum

FIMMTÍU ÁR FRÁ HARMLEIK Á ÞINGVÖLLUM

Í dag eru 50 ár liðin síðan þáverandi forsætisráðherra, Bjarni Benediktsson, eiginkona hans Sigríður Björnsdóttir og dóttursonur þeirra, Benedikt Vilmundarson sem aðeins var fjögurra ára, létust í eldsvoða á Þingvöllum.

Slökkviliðið í Reykjavík fékk tilkynningu um eldinn skömmu eftir miðnætti og sendi tvo slökkviliðsbíla. Mjög slæmt veður var þessa nótt og slæm færð tafði slökkviliðið. Þegar það kom loks á vettvang var ekkert hægt að gera.

Hollenskir ferðamenn urðu fyrst varir við eldinn en þeir höfðu flúið inn í Valhöll eftir að tjaldið þeirra fauk af þeim, samkvæmt frásögn þjóðviljans. Fólkið sá eldglæringar birtast um hálf tvö og hljóp að konungsbústaðnum, eins og hann var kallaður. Þegar að var komið logaði eldur út um stofuglugga og var barið að dyrum og á glugga en húsið var læst.

Samkvæmt Alþýðublaðinu vissi lögregla ekki að neinn væri innan-dyra. Það kom ekki í ljós fyrr en síðar um nóttina.

Daginn eftir sagði Alþýðublaðið að dagurinn hefði verið sorgardagur, þjóðarleiðtogar hefðu sent samúðarkveðjur og fánar blöktu í hálfu stöng um allt land.

Richard Nixon, forseti Bandaríkjanna, varð harmi lostinn þegar hann frétti atburðina á Þingvöllum. „Ísland hefur misst mikinn leiðtoga og við, í þessu landi, góðan vin,“ sagði Nixon.

Ljósmyndarinn kunni, Gunnar V. Andrésson, fór snemma, ásamt Kára Jónassyni fyrir Timann á vettvang.

„Þetta var ótrúlegur dagur og er ljóslifandi í minningunni. Við höfðum fengið fréttir af þessu um sjö um morguninn og brunuðum austur. Það var snjóslydda og sendiferðabíll sem var á undan okkur, hann var næstum fokinnt út af hvað eftir annað vegna roks,“ segir Gunnar.

Hann byrjaði að smella af og skoða rústirnar. „Þetta var nú í þá daga að blaðamenn og ljósmyndarar gátu nánast staðið í sporum rannsakenda og lögreglunnar. Það sem ég var mest hissa á var að þaðkar hafði bráðnað að verulegu leyti sem lýsir kannski hitanum. Fyrir ungan mann var þetta mikil reynsla,“ bætir Gunnar við. – bb



Mynd sem Gunnar V. Andrésson tók fyrir Timann daginn eftir. Lítið stóð eftir af bústaðnum nema skorsteinninn. Mikið vetrarveður gekk yfir landið þessa nótt eins og sjá má í baksýn þar sem fjöll eru grá en slökkviliðið tafðist vegna færðar. Fyrir neðan eru forsiður blaðanna þar sem hjónanna var minnst.



FJÖLMIÐLANEFND

Sérstakur rekstrarstuðningur til einkarekinna fjölmiðla

Auglýst er eftir umsóknum einkarekinna fjölmiðla um sérstakan rekstrarstuðning sem veittur verður á árinu 2020. Umsóknir skulu sendar fjölmiðlanefnd fyrir 7. ágúst 2020.

Í 9. gr. laga nr. 37/2020 er mennta- og menningarmálaráðherra veitt heimild til að veita sérstakan rekstrarstuðning til einkarekinna fjölmiðla. Í greininni eru tilgreind nokkur skilyrði fyrir rekstrarstuðningi og einnig getið sérstakra atriða sem þurfa að koma fram í umsókn. Þá segir í 2. mgr.: „Við ákvörðun um fjárhæð sérstaks rekstrarstuðnings skal m.a. lítið til launa, fjölda starfsmanna og verktakagreiðslna vegna miðlunar á fréttum og fréttatengdu efni á ritstjórnnum árið 2019, útgáfutíðni og fjölbreytileika fjölmiðla. Endanlegt hlutfall ræðst af fjölda umsókna og skal setja hámark á stuðning til einstakra fjölmiðla. Úthlutun sérstaks rekstrarstuðnings til einkarekinna fjölmiðla skal fara fram eigi síðar en 1. september 2020.“

Samkvæmt ákvæðum fyrrgreindrar 9. gr. laga nr. 37/2020 hefur mennta- og menningarmálaráðherra sett reglugerð nr. 670/2020 um fyrirkomulag sérstaks rekstrarstuðnings til einkarekinna fjölmiðla. Til úthlutunar verða 400 millj.kr.

Í reglugerðinni eru tilgreind skilyrði fyrir stuðningi og er umsækjendum bent á að kynna sér þau. Einnig hvaða kröfur eru gerðar um gögn sem eiga að fylgja umsókn.

Einnig geta þeir sem starfrækja staðbundna fjölmiðla utan höfuðborgarsvæðisins sótt um styrk úr byggðaaætlun. Til ráðstöfunar úr byggðaaætlun eru 5 millj.kr. og ræðst styrkfjárhæð til hvers umsækjanda af fjölda gildra umsókna.

Umsóknargögn og leiðbeiningar eru á vefsíðu fjölmiðlanefndar, www.fjolmidlanefnd.is. Þar eru tvö skjöl sem umsækjendur sækja og fylla út. Mikilvægt er að öll fylgiskjöl fylgi með umsókn.

Umsóknir skulu berast á netfang fjölmiðlanefndar, postur@fjolmidlanefnd.is, fyrir miðnætti 7. ágúst nk. Ef spurningar vakna um hvernig eigi að fylla umsóknina út er hægt að senda fyrirspurn á framangreint netfang.

Fjölmiðlanefnd, 10. júlí 2020



Frá minningarathöfninni í janúar 1971 og afhjúpun minnisvarða um þau sem létust. Herra Sigurbjörn Einarsson helgaði minnisvarðann.

Ljósmyndir nýttust við að upplýsa upptökin

Jón Eiríksson jarðfræðingur var á Þingvöllum þessa nótt og man vel eftir atburðarásinni. Ljósmyndir sem hann tók nýttust við rannsóknina. „Ég var að vinna sem hóteltjóri á þessum tíma og það skall á ofsaveður með slydduhrið að norðan. Upp úr miðnætti, þegar við vorum nýbúin að loka hótelinu, kom hópur af ungu fólki frá Hollandi og sagði að það væri brennandi hús. Við kiktum út, ég og lög-regluþjónn sem þarna var með mér, og sáuum húsið standa í ljósum logum.“

Jón segir að hann hafi byrjað að hringja á slökkviliðið en illa

gekk að ná sambandi við Reykjavík. „Það var svo lélegt síma-samband á þessum tíma. Þegar slökkviliðið kom var húsið eiginlega fallið en það vissi enginn hvort einhver væri í húsinu eða ekki. Það var enginn bíll fyrir utan, því bílstjórinn þeirra hafði ekið þeim á Þingvelli og farið í bæinn aftur. Það var ekki fyrr en síðar um nóttina sem það kom í ljós.“

Ég tók myndir af þessu sem lögreglan notaði svo við rannsóknina. Þeir komust að því að rafmagninu hafði slegið niður í rokinu og að eldurinn hafi byrjað í miðstöðvarklefanum.“

Gerðu viðeigandi ráðstafanir

Á að hafa það notalegt og horfa á eitthvað gott í kvöld? Þú færð allt naslið og drykkina á næstu Kvikk-stöð Orkunnar.

Kvikk
ON THE GO

ORKAN

SKOÐUN

Plan B



Hörður Ágústsson
hordur@frettabladid.is

Björgunaraðgerðir Icelandair ætla ekki að ganga þrautalaust fyrir sig. Eftir að mikill meirihluti félagsmanna Flugfreyjufélags Íslands (FFÍ) felldi nýjan kjarasamning, meðal annars stór hópur sem er á uppsagn-arfresti eftir að hafa verið sagt upp störfum, er ekki að sjá að áform flugfélagsins um að sækja sér allt að 30 milljarða með hlutafjárútbóði gangi eftir í bráð. Frekari viðræður við FFÍ eru til einskis en Icelandair getur ekki gefið afslátt af hóflegum kröfum sínum, sem felast einkum í meiri sveigjanleika og vinnuframlagi flugliða, um að ná yfir 20 prósentu hagræðingu í launa-kostnaði. Enginn fjárfestir, þar á meðal lifeyrissjóðirnir, mun leggja Icelandair til aukio fjármagn nema því takist að sýna fram á að rekstrarhæfi félagsins sé tryggt til lengri tíma. Endurskoðaðir kjarasamningar skipta þar lykilmáli.

Flugfreyjufélagið hefur kosið að gera litio úr þeirri staðreynd að þrátt fyrir breyttan kjarasamning yrðu kjörin eftir sem áður ein þau bestu sem þekkjast. Í því samhengi er rétt að hafa í huga að flugfélagið Play, sem enn á eftir að hefja starfsemi, hefur stært sig af því að hafa náð um 30 til 40 prósentu kostnaðarlækkun í samningum við flugmenn og flugliða borið saman við þá samninga sem WOW air var með við sínar flugstéttir – og voru þeir þó mun samkeppnishæfari en í tilfelli Icelandair.

Forstjóri Icelandair hefur sagt að skoða verði aðrar leiðir eigi að takast að bjarga félaginu. Þar hlýtur að koma til greina að Icelandair láti reyna á forgangsrétt-arákvæði í kjarasamningum fyrir félagsdómi svo unnt verði að ráða flugfreyjur sem eru utan FFÍ. Dæmin sýna að ólíklegt er að slíkt ákvæði, sem er barn síns tíma og er ætlað að tryggja félagsmönnum forgang að störfum hjá Icelandair, muni standast skoðun fyrir félagsdómi. Þar hlýtur að vega þyngst sú grundvallarregla í félaga-rétti að einstaklingar geti staðið utan tiltekens stéttar-félags. Vilji starfsmenn, sem kjósa að vera ekki í félagi við FFÍ, semja við Icelandair þá er erfitt að sjá að hægt verði að banna það.

Icelandair hefur í raun að undanförmu leitað nauða-samninga til að koma í veg fyrir að stöðva þurfi rekstur félagsins. Auk þess að semja upp á nýtt við flugstéttirnar hefur áherslan í þeirri vinnu verið – sem má kalla Plan A – að ná samkomulagi við lánveitendur, birgja, leigusala, Boeing vegna samninga um kaup á MAX-vélunum og færsluhirði félagsins. Viðræður við suma hafa gengið vel, aðra síður. Jákvæð niðurstaða við alla er forsenda þess að hægt verði að efna til hlutafjárútbóðs – samkvæmt nýjustu áætlun á það að fara fram í ágúst – og eins að ríkið veiti félaginu lánalínu með ríkisábyrgð.

Takist það ekki, sem er þá til marks um að hvorki stjórnendur Icelandair né fjárfestar telji reksturinn sjálf-bæran, er erfitt að sjá að stjórnvöld geti réttlætt það að stíga inn í og leggja því til fjármuni. Leita þarf þá annarra leiða. Með þeirri niðurstöðu sem liggur fyrir í viðræðum við FFÍ er líklegja aðeins tímabundnu greiðsluskjöldi þar sem félaginu verður skipaður sérstakur umsjónarmaður með fjárhagslegri endurskipulagningu og samskiptum við kröfuhafa og lánadrottna það stýttist í plan B.



Vilji starfs-menn, sem kjósa að vera ekki í félagi við FFÍ, semja við Iceland-air þá er erfitt að sjá að hægt verði að banna það.

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Auglýsingaefnið lendir á eldhúsbörðinu þegar blaðið er opnað!

93.000 Íslendingar lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali.*

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma **550 5050** eða sendu tölvupóst á **orn@frettabladid.is**.

Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.



FRÉTTABLAÐID – MEST LESNA DAGBLÁÐ LANDSINS

Halldór



Frá degi til dags

Bastian bæjarfógeti

Það er ekki í kot vísað að taka að sér að vera bæjarstjóri. Fréttablaðið hefur greint frá því að búast megi við að fá upp undir 2,1 milljón á mánuði fyrir að taka á móti útsvari og fasteignagjöldum íbúanna og passa að slá blettina í bæjarfélaginu, sópa kantana og úthluta lóðum. Láta setja blóm á stöku stað og svona. Þægileg innivinna. Það er þó ekki víst að íbúarnir séu sáttir við laun bæjarstjórnanna. En skitt með það, hvert ætla þeir að flytja? Í annað bæjarfélag þar sem allt er eins? Nei, þeir flytja ekki neitt.

Soffia frænka

Vegagerðin lét leggja nýtt malbik á flughála nýmalbikaða spottann á Kjalarnesi í vikunni. Valinn var til þess tími þegar ganga mátti út frá að umferðin væri þung. Stórfelldar truflanir urðu á umferð því annarri akreininni var lokað meðan á framkvæmdum stóð. Bílaraðir teygðu sig beggja vegna við og hálf tíma ferð tók klukkustundir. Fremur frekt sé litio til þess sem á undan er gengið. Í Fréttablaðinu í gær var greint frá bréfi Samtaka iðnaðarins til sveitarfélaga þar sem hvatt var til að framkvæmdir sem þessar fari fram utan annatíma. Í öðrum löndum er malbikað á nóttunni. Af hverju er það ekki gert hér, að minnsta kosti þegar dagljóst er allan sólarhringinn?

Bann á einnota óþarfa



Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra

Hvaða vit er í því að nota einnota plastahöld í nokkrar mínútur og síðan aldrei meir? Áhöld sem endast samt í mörghundruð ár eftir það, þ.e.a.s. plastið í þeim, oft með alvarlegum áhrifum á lífríkið, ekki síst í hafi? Hvað ætli hvert og eitt okkar hafi t.d. notað margar plastskeiðar um ævina? Og hversu margar þeirra (sem ekki hafa verið endurnnar) ætli að séu ennþá til?

Við þinglok á Alþingi í síðustu viku varð frumvarp mitt um bann við sölu ýmiss konar einnota plastvara að lögum. Yfir því gleðst ég einlæglega. Plastskeiðar eru á meðal þessara vara, en líka plasthnífar, -gafflar, -diskar, -sogrór, -blöðrustangir, -hræripinnar og bómullarpinnar. Í öllum tilfellum eru fæanlegar á markaði aðrar sambærilegar vörur sem eru margnota eða búnar til úr öðrum hráefnum en plasti.

Það er engin tilviljun að frumvarpið tók til einmitt þessarar vöru. Frumvarpið byggði á tilskipun Evrópupingsins og -ráðsins um að draga úr áhrifum tiltekinna plastvöru á umhverfið sem rannsóknir höfðu sýnt að væri hvað líklegust til þess að finnast sem rusl á ströndum. Um 80-85% rusls á ströndum í Evrópu er úr plasti, þar af um helmingurinn einnota plastvörur.

Við erum þannig ekki að banna í blindni hvaða plast sem er, heldur einnota óþarfa sem veldur skaða í náttúrunni. Rétt er að taka fram að undanþágur eru gerðar ef vörur flokkast sem lækningatæki.

Þessi nýju lög leiða líka til þess að matarilát, drykkjarilát, glós og bollar úr frauðplasti verða óheimil. Þar að auki verður ekki lengur leyfilegt að afhenda einnota plastilát undir skyndibita ókeypis. Með þessu er stutt við myndun hringrásarhagkerfis og dregið úr myndun úrgangs. Auðlindir jarðar eru ekki óþrjótandi. Við megum ekki umgangast þær eins og þær séu það.

Auk þess komum við í veg fyrir óþarfa plastmengun í náttúrunni, með því einu að neita okkur um einnota óþarfa úr plasti. Það þykir mér lítil förn með miklum ávinningi.



Við erum þannig ekki að banna í blindni hvaða plast sem er, heldur einnota óþarfa sem veldur skaða í náttúrunni.

Sagan af Eldsögu

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Ég er yfirleitt ósammála dómum um gamanmyndir. Þær gamanmyndir sem ég emja af hlátri yfir fá nánast undantekninglaust glataða dóma. Ég kys að láta þetta ekki hafa áhrif á mig. Ég hlæ samt.

Nýjasta dæmið um þessa gjá milli mín og gagnrýnenda snýst um hina bráðskemmtilegu, að mínu mati, kvikmynd Eurovision Song Contest - The Story of Fire Saga. Tónlistin í myndinni er meira smitandi en kórónaveiran. Þegar ég skrifa þetta er ég að sjálfsögðu með lagið Volcano Man á heilanum, sem er ein sigurstranglegasta leiðin, fyrir utan Double Trouble, til að hafa ekki Jaja Ding Dong á heilanum. Einstaka sinnum dett ég í Lion of Love og fæ taugaveiklunar-kjánahrollshláturskast.

Myndin fjallar sem kunnugt er um músikalst par á Húsavík sem á sér þann draum æðstan að taka þátt í Júróvisjón. Draumurinn rætist. Þess hefur gætt að erlendir menningar-rýnar sjái sig knúna til að taka upp hanskann fyrir íslenskt mannlíf, sögu og menningu í dómum sínum um myndina. Menningarritstjóri BBC, Nick Gompertz, gaf myndinni til dæmis falleinkunn vegna þess meðal annars að hann taldi að myndin af Íslandi sem þarna væri dregin upp væri of einföld og í raun ósönn. Ísland væri margbrotið samfélag, stútfullt af sköpun. Listamenn eins og Ragnar Kjartansson og Björk Guðmundsdóttir væru dæmi um það hvað Íslendingar væru á háu stigi menningarlega og myndin væri því engan veginn sanngjörn.

Grín er grín

Mér finnst gaman að lesa gagnrýni og mér finnst gaman að upplifa hvað skoðanir geta verið ólíkar. Það er líka mikilvægt að minna sig á að skoðun gagnrýnanda er bara skoðun einnar manneskju, en ekki afstaða miðils, félagasamtaka, þjóðrikja eða stefna löggjafarþings. Og þegar kemur að kvikmyndum eins og þessari er framtíð jarðar sjaldnast undir og óþarfi að fara á límingunum þótt skoðanir séu skiptar.

Og þó. Mér finnst viss þráður hér æði bitastæður. Í kjölfar myndarinnar um þau Lars og Sigrit frá Húsavík við Skjálfanda hefur þess sem sagt gætt í erlendum miðlum að fólk móðgist fyrir hönd Íslendinga. Við séum ekki svona. Mér finnst það mergjuð umræða.



Menningarritstjóri BBC, Nick Gompertz, gaf myndinni til dæmis falleinkunn vegna þess meðal annars að hann taldi að myndin af Íslandi sem þarna væri dregin upp væri of einföld og í raun ósönn.

Í fyrsta lagi. Þetta element. Að móðgast fyrir hönd annarra. Slikt endar alltaf úti í skurði. Á ákveðinn hátt finnst mér eiginlega móðgandi að upplifa það að einhver haldi virkilega að ég sem Íslendingur sé móðgaður yfir því að Will Ferrell fjalli ekki um menningarstig Íslendinga, nýjustu myndlistarsýningar og þess háttar, á raunsannan hátt í gamanmynd sinni. Hvers lags týpa þyrfti ég að vera til að

gera slíka kröfu? Ætti ég að móðgast, myndi ég líka frekar móðgast yfir því að einhver teldi virkilega að ég teldi að fólk héldi að mynd Ferrels drægi upp sanna mynd af Íslendingum og að ég væri stressaður út af því. Ég held að maður þurfi að vera ákaflega viðkvæmur til að hafa slíkar áhyggjur. Hafa ber í huga að þetta er jú grínmynd en ekki heimildarmynd. Flestir kunna að gera þennan greinarmun, þótt stundum vilji hann gleymast. Grín er grín. Will Ferrel er að djóka.

Húsavík

Eins og staðan er í dag og miðað við það hvernig ástandið er víða myndi maður satt að segja vilja óska þess að fleiri væru að djóka, í stað þess að vera fúlasta alvara með fáránlegu framferði sínu.

En hvað um það. Í öðru lagi. Hver væri sönn mynd af Íslendingum, ef út í það er farið? Í myndinni eru Íslendingar einhvers konar sambland af veiðimönnum, jólasveinum og álfum sem drekka mikinn bjór. Á ákveðinn hátt er það ekki alveg rétt, vissulega, og það má taka undir með Nick Gompertz, að margir Íslendingar hafa afrekað margt

annað og merkilegra, ekki sist í menningu og listum. En svo er líka hitt: Sönn mynd drægi væntanlega einnig fram hvað þessi þjóð getur líka verið átakanlega mikið úti á þekju.

Á meðan kraftballaðan Húsavík fer sigurför á tónlistarveitum og dregur athygli heimsbyggðarinnar að þessu fallega sjávarþorpi við Skjálfandaflóa — með tilheyrandi möguleikum, væntanlega, á aukinni ferðaþjónustu og atvinnuuppbyggingu — hrynur nýleg en óhemju gamaldags atvinnustefna stjórnvalda til grunna rétt norðar á Bakka. Hið kolareykspúandi kisilver er stopp, þrátt fyrir milljarða fyrirgreiðslu stjórnvalda. Starfsmenn þar, sem fæstir eru úr fjórðungnum, fá vinnu við slátrun tímabundið, ef ske kynni að báknið fari af stað að nýju.

Ég skal viðurkenna að ég hefði orðið ótrúlega dapur, og líklega sammála Nick Gompertz, ef myndin hefði sýnt þá mynd af Íslendingum. Lars að brenna kol í deyjandi iðnaði. Þá er hin klisjukennda staðalmynd um okkur sem drykkfellda jólasveinavíkingaálfa alltaf betri.

En yfir að allt öðru: Hvar eigum við að halda keppnina?

Vingardíum ... CHILI SÓSA!

TÖFRABRAG
CHILISÓSA
SNILLD Á FRÖNSKURNAR

Fáðu töfra innblástur á [kronan.is/töfrar](https://www.kronan.is/töfrar)

f i Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Upp með kolefnisbindinguna!



Ari Trausti Guðmundsson
þingmaður
Vinstri grænna

Kolefnisbinding i gróðri og jarðvegi er mikilvægur skerfur til andófsins gegn alvarlegum loftslagsbreytingum.

Bindingin fer fram með plöntun, sáningu, sjálfsuppgæðslu og einnig verndun, til dæmis verndun skóga sem þá ná að eflast að bindigetu. Nýgræðsla getur farið fram á landi, til dæmis á skemmdu eða örfoka gróðurlendi, eða með ræktun, til dæmis trjáa á grónu eða ógrónu landi, allt eftir því sem hentar og vilji er til. Bindigeta gróðurs er auðvitað háð plöntutegundum og aldri tegundanna, veðurfari og öðrum aðstæðum. Bindinguna má mæla og er mikið til af gögnum og gagnlegum rannsóknum. Kolefnisbinding fer líka fram í sjó. Á strandsvæðum



Með gríðarlegri skógar-eyðingu og breyttum landbúnaðarhátum og mannvirkjagerð í a.m.k. 2-3 aldir hafa jarðarbúar rýrt bindigetu lands með afgerandi áhrifum í öllum loftslagsbeltum jarðar.

er hægt að herða á henni með friðun gróðursvæða út að mörkum sjávarfalla en nýta sjávargróður annars staðar með sjálfbærum hætti. Með gríðarlegri skógar-eyðingu og breyttum landbúnaðarhátum og mannvirkjagerð í a.m.k. 2-3 aldir hafa jarðarbúar rýrt bindigetu lands með afgerandi áhrifum í öllum loftslagsbeltum jarðar. Því verður að linna og snúa þarf taflinu snarlega við.

Kolefnisbinding fer líka fram með því að menn herða á jarðvegsmyndun og hægja á, eða stöðva, jarðvegs-eyðingu ásamt því að endurheimta

votlendi í samræmi við þekkingu á losun gróðurhúsalofttegunda úr þornandi mýrum, og í samræmi við sjálfbærar landnýtjar.

Á síðasta degi nýlokens þings var samþykkt samhljóða frumvarp sem ég lagði fyrst fram á Alþingi á þinginu þar á undan, og varðar lög um tekjuskatt. Samkvæmt breytingunni á lögnum mega lögaðilar (fyrirtæki) nú leggja fram 0,75% af árlægum tekjum til hvers kyns kolefnisjöfnunar án þess að greiða tekjuskatt af upphæðinni. Þarna er kjörið tækifæri til þess að sýna umhverfis- og samfélagsábyrgð í verki.

Lykillinn að árangri í loftslagsmálum



Páll Erland
framkvæmdastjóri Samorku

Adögunum kynntu stjórnvöld uppfærða aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Þar má sjá metnaðarfullar og fjölbreyttar aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á næstu árum. Orku- og veitufyrirtæki landsins láta sig þessi mál mikið varða enda er hrein orka og traustir orkuinnviðir um allt land lykillinn að árangri í loftslagsmálum. Á aðalfundi Samorku var eftirfarandi ályktun samþykkt.

Í fremstu röð í orkuskiptum

Samorka fagnar markmiðum stjórnvalda í loftslagsmálum og þeim aðgerðum sem boðaðar hafa verið í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Að skipta út jarðefnaeldsneyti fyrir endurnýjanlega orkugjafa í samgöngum er lykilatriði í því að Ísland geti staðið við þau markmið og þar með alþjóðlegar skuldbindingar í loftslagsmálum. Til þess þarf öfluga innviði og nægt framboð af innlendri, grænni orku sem ætlunin er að komi í stað jarðefnaeldsneytis.

Orkuskipti í samgöngum eru þjóðhagslega hagkvæm og ávinningur fyrir loftslagið er mikill. Ísland á að vera í fremstu röð í þessari þróun og ráðast í orkuskipti af fullum þunga. Í því felast tækifæri fyrir fólk og fyrirtæki.

Styrking innviða nauðsynleg

Atburðir síðustu mánaða hafa minnt á mikilvægi rafmagns og hitaveitu í okkar daglega lífi og starfi. Mikilvægið fer vaxandi með aukinni rafvæðingu samfélagsins auk þess sem þörf fyrir heitt vatn eykst eftir því sem þjóðin vex og dafnar. Það sama á við um þörfina fyrir heilnæmt drykkjarvatn og uppbyggingu fráveitu. Sterkir innviðir með nægilegri afkastagetu þjóna íbúum og atvinnulífi um allt land og eru hornsteinn þjóðaröryggis og lífsgæða. Núverandi reglverk framkvæmda styður ekki við nauðsynlegt viðhald og styrkingu orkuinnviða. Nauðsynlegt er að bæta úr því.

Græn orka til framtíðar

Í dag er hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa á Íslandi með því hæsta sem gerist í heiminum og hagnýting grænna orkuauðlinda hefur lagt grunninn að lífsgæðum og verðmætasköpun í landinu síðustu hundrað árin. Til að svo megi áfram vera þarf að skapa samstöðu um aðgengi þjóðarinnar að orkulindum sínum enda nauðsynlegt að horfa áratugi fram í tímann og



Samorka lýsir yfir áhyggjum af því að markvisst er unnið að því að takmarka orkunýtingu á sífellt stærra landsvæði sem ríkt er af endurnýjanlegum orkulindum.

geta mætt orkuþörf og orkuöryggi heimila og atvinnulífs til framtíðar.

Tækniþróun og nýsköpun mun leiða af sér betri orkunýtingu og nýjar lausnir til sparnaðar, en því til viðbótar mun þurfa aukna endurnýjanlega orku til að uppfylla þarfir heimila og atvinnulífs auk markmiða um græna framtíð fyrir núverandi og komandi kynslóðir. Samorka lýsir yfir áhyggjum af því að markvisst er unnið að því að takmarka orkunýtingu á sífellt stærra landsvæði sem ríkt er af endurnýjanlegum orkulindum. Áður en frekari ákvarðanir um slíkar takmarkanir eru teknar er nauðsynlegt að því sé svarað hvaðan hreina orkan, sem uppfylla á þarfir samfélagsins nú og til framtíðar, eigi að koma.

Neyð yngri hjúkrunarsjúklinga



Björg Ásta Þórðardóttir
formaður MS-félags Íslands



Vilborg Jónsdóttir
formaður Parkinson-samtakanna



Nauðsynlegt er að breyta og þarf þá að horfa til margra atriða, þar á meðal þörf á húsnæði fyrir yngri hjúkrunarsjúklinga auk breytinga á lögum og reglugerðum. MS-félagið og Parkinson-samtökin eru í samstarfi um að vinna þessum breytingum framgang.

færni- og heilsumat kveður á um að þegar hjúkrunarrými losni á stofnun skuli stofnunin fá aðgang að upplýsingum um tvo einstaklinga sem óskað hafa eftir að dvelja þar og eru metnir í mestri þörf fyrir slíkt rými. Ákvörðun um þessa tvo einstaklinga skal byggð á stiga-fjölda samkvæmt færni- og heilsumati, einnig skal höfð hliðsjón af því hvort viðkomandi hafi legið lengur en 6 vikur á sjúkrahúsi án möguleika á útskrift nema í hjúkrunarrými eða hvort viðkomandi hafi beðið lengi í mikilli þörf fyrir dvöl.

Ekki virðist að finna nein ákvæði í þessum lögum eða reglugerðum sem ver rétt einstaklinganna, t.d. með hámarki á fjölda hafnana eða að tímafrestur sé settur um útvegum hjúkrunarrýmis að fenginni niðurstöðu úr færni- og heilsumati. Heilbrigðisráðherra hefur það t.d. á sínu valdi að setja slík ákvæði í reglugerðina um framkvæmd á lögum um málefni aldraðra. Einnig hefur Heilbrigðisráðherra það á sínu valdi að semja við hjúkrunarheimilin um hærri daggjöld fyrir þennan hóp til að koma til móts við auknar þarfir um hjúkrun og margvíslega þjónustu, sem gæti liðkað fyrir inntöku.

Þann 8. júní síðastliðinn sendum við ákall til heilbrigðisráðherra, Embættis landlæknis og velferðarnefndar Alþingis vegna skjólstæðinga í neyð en þegar þetta er skrifað, rúmum mánuði síðar, höfum við enn ekki fengið nein efnisleg svör og skjólstæðingar okkar enn á vergangi í kerfinu.

Að okkar mati er úrvinnsla mála skjólstæðinga okkar klárt mannréttindabrot og krefjumst við þess enn og aftur að úr málum þeirra verði leyst hið fyrsta þar sem þessir einstaklingar og aðstandendur þeirra búa við mikla neyð.

Í dag eru 146 einstaklingar yngri en 67 ára á hjúkrunarheimilum, 91 karl og 55 konur, skv. upplýsingum frá Landlækni og 33 eru á biðlista eftir hjúkrunarrými. MS-félag Íslands og Parkinsonsamtökin telja mikilvægt að stjórnvöld leggi áherslu á að mæta þörfum yngri hjúkrunarsjúklinga og horfa til þess hvernig hægt sé bregðast við þeirri neyð sem uppi er.

Úrræðaleysi stjórnvalda í málefnum yngri hjúkrunarsjúklinga hefur verið okkur ofarlega í huga að undanförmu. MS-félag Íslands og Parkinsonsamtökin eru bæði með skjólstæðinga yngri en 67 ára sem eru í mikilli og bráðri þörf fyrir hjúkrunarrými en gengur erfiðlega að fá pláss.

Í gegnum tíðina hafa birst fréttir og umfjöllun um þessi mál en ekki er hægt að sjá að gripið hafi verið til aðgerða sem hafa leyst þann vanda sem uppi er. Það verður að segjast eins og er að stefnuleysi ríkir í málefnum yngri hjúkrunarsjúklinga og í Heilbrigðisstefnu fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu til ársins 2030 er ekki minnst einu orði á þann hóp.

Um hjúkrunarheimili fer skv. lögum um málefni aldraðra nr. 125 frá 1999. Hjúkrunarheimili eru hönnuð og rekin sem úrræði fyrir aldraða lasburða einstaklinga. Með einfaldri lagabreytingu frá 2018 voru einstaklingar yngri en 67 felldir undir úrræðið án nokkurrar aðlögunar á aðstöðu, þjónustu, tekjum eða kostnaðarþátttöku, þrátt fyrir að það megi vera öllum ljóst að yngri fólk sem á jafnvel ung börn og maka er í allt annarri stöðu en aldraðir. Það er ljóst að fara þarf fram greining á þörfum þessa hóps og hvernig þeim verður best mætt þannig að hann geti notið réttar þjónustu á réttum stað.

Vandinn sem okkar skjólstæðingar standa frammi fyrir í dag er tvíþættur. Í fyrsta lagi hentar núverandi kerfi ekki yngri hjúkrunarsjúklingum enda var það hannað fyrir aldraða lasburða einstaklinga. Í öðru lagi geta verið takmarkanir á möguleikum á að komast inn á hjúkrunarheimili vegna reglna um inntöku á hjúkrunarheimili og daggjaldgreiðslu.

Nauðsynlegt er að breyta og þarf þá að horfa til margra atriða, þar á meðal þörf á húsnæði fyrir yngri hjúkrunarsjúklinga auk breytinga á lögum og reglugerðum. MS-félagið og Parkinsonsamtökin eru í samstarfi um að vinna þessum breytingum framgang.

Í reglugerð nr. 466 frá 2012 um

SUMARJÓGA

JÚLÍ & ÁGÚST

19.000 kr.

Gildir í Jógaflæði, Kundalini og Nidra

Skráning á: jogasetrid.is

JÓGASETRID

TAKK LJÓSAVINIR

Þið veitið krabbameinsgreindum ómetanlegan stuðning

ljosið.is



Nafn: Anna Guðrún Auðunsdóttir

Aldur: 49

Starf/nám: Viðskiptafræðingur í
Fjárhagsbókhaldi Landspítala

Hvernig myndir þú lýsa tilfinningunni þegar þú mætir í Ljósið: Mér fannst það skrítið fyrst en núna er það eins og að koma heim. Dásamlegt starfsfólk sem tekur alltaf vel á móti manni með brosi, hlýju og húmor. Ég er líka svo þakklát fyrir þennan vettvang til að hitta fólk í svipaðri stöðu og geta borið saman bækur um líðan og fengið góð ráð.

Hvernig fréttir þú af Ljósinu: Var bent á það af vinum og fjölskyldu.

Hver er upphalds dagskrárliðurinn þinn í Ljósinu: Það er tvennt sem stendur uppúr. Annars vegar námskeið fyrir nýgreindar konur þar sem ég eignaðist góðar vinkonur. Hins vegar hreyfingin, en ég er dugleg að mæta í tækjasalinn.

Nýtti einhver ástvinur sér þjónustu fyrir aðstandendur: Nei

Ljósavinir eru ómetanlegur þáttur í starfsemi Ljóssins. Með þínu framlagi geta nú yfir 500 ljósberar eins og **Anna Guðrún** notið endurhæfingar og stuðnings í hverjum mánuði. Það er ekkert sem býr mann undir að greinast með krabbamein en með þinni hjálp getum við boðið þeim sem greinast faglega endurhæfingu. Fyrir það erum við ævinlega þakklát.





Chris Froome er að skipta um lið.

Fjórfoldur meistari færir sig um set

HJÓLREIÐAR Chris Froome sem hefur fjórum sinnum unnið Frakklandshjólreiðarnar mun yfirgefa herbúðir Ineos en hann hefur verið þar síðustu tíu árin.

Froome mun keppa fyrir hönd Ineos í Frakklandshjólreiðunum sem haldnar verða 29. ágúst næstkomandi. Bretinn vann keppnina árin 2013, 2015, 2106 og 2017.

Í kjölfarið mun hann svo ganga til liðs við Israel Start-Up Nation, sem er nýtt lið sem er að safna að sér þekktum hjólreiðaköppum á borð við Dan Martin og Alex Dowsett.

Froome er að skriða saman eftir að hafa lent í hjólreiðaslysi á síðasta ári en hann hefur takmarkað getað keppt síðan slysið varð þar sem hann hlaut nokkur beinbrot. – hó



Woods hefur boðað endurkomu.

Tiger Woods boðar komu sína í PGA

GOLF Kyllingurinn sigursæli Tiger Woods mun mæta til leiks á PGA-mótaröðina þegar keppt verður á Muirfield Village í næstu viku.

Mótaröðin hófst nýverið á nýjan leik eftir hlé vegna kórónaveirufaraldursins en Woods hefur ekki spilað á mótunum sem fram hafa farið eftir að byrjað var að spila aftur.

●● Ég hlakka mikið til þess að keppa á Memorial í næstu viku.

Bandaríski kyllingurinn hefur ekki leikið á PGA-mótaröðinni síðan í febrúar fyrr á þessu ári. Þá meiddist þessi 44 ára kyllingur og í kjölfarið skall veiran á heiminn.

Woods, sem hefur unnið risamót 15 sinnum á ferlinum, hefur unnið PGA-mótið fimm sinnum á Muirfield Village. Hann er einum PGA-mótsviti frá því að bæta met Sam Snead í flestum titlum sögunnar en þeir hafa unnið 82 PGA-mót.

Síðasta mótið sem Woods tók þátt í var góðgerðarleikur þar sem hann var í liði með Peyton Manning og lék á móti Phil Mickelson og Tom Brady. Manning og Brady eru báðir NFL-goðsagnir.

„Ég hlakka mikið til þess keppa á Memorial í næstu viku. Ég hef saknað þess að spila keppnisgolf og hitta kollega mína á vellinum,“ segir Woods á twitter-síðu sinni. – hó

Gróttta braut enn eitt blaðið

Gróttumenn eru að leika í efstu deild karla í knattspyrnu í fyrsta skipti í sögu félagsins á yfirstandandi leiktið og gengur frumraun liðsins bara alveg ágætlega. Liðið hefur fjögur stig eftir fyrstu fimm leiki sína.

FÓTBOLTI Seltirningar réðust á ansi háa garða í frumraun sinni og næsta leik þar á eftir í deildinni í sumar. Fyrsti leikur liðsins var gegn lærisveinum fyrrum leiðtoga liðsins, Óskari Hrafn Þorvaldssyni og Halldóri Árnasyni hjá Blikum.

Þar lenti Gróttta á vegg og því næst mættu Valsmenn sem fyrirliðar og forráðamenn deildarinnar spáðu Íslandsmeistaratitlinum á Vivaldivöllinn. Þar reyndist Valur ofjarl Gróttuliðsins.

Eftir hörkuleik við Fylki í þriðju umferð beið Gróttta lægri hlut og sparkspekingar voru farnir að spá því að Gróttuliðið myndi ekki ná að brjóta ísinn við markaskorun í efstu deild fyrir verslunarmannahelgi og stigasöfnun myndi ekki ná tug þegar upp yrði staðið í eldskírninni í deild þeirra bestu.

Ágúst Þór Gylfason sem fékk það verðuga verkefni að feta í fótspor Óskars Hrafnss og Halldórs síðastliðið haust og búa til samkeppnishæft í efstu deild án þess að greiða leikmönnum fastar launagreiðslur var hins vegar keikur og engan bilbug var á honum að finna.

Eftir fylgdu jafntefli við HK þar sem Gróttta lék einum leikmanni færri frá því undir lok fyrri hálfleiks. Á miðvikudagskvöldið var svo komið að enn einni stóru stundinni í sögu Gróttufélagsins þegar fyrsti sigurinn kom í efstu deild í nýliðslagnum gegn Fjölni.

Þar skoraði Gróttta þrjú mörk og hefur þar af leiðandi skorað sjö mörk í deildinni í sumar og eru tæplega hálfnaðir við að koma stigafjöldanum upp í tuginn. Falldraugurinn mun líklega svífa yfir vötnum á Nesinu fram á haustið en liðið hefur sýnt það að það er ekki boðflenna í hæsta lagi íslenskrar knattspyrnu.

Var nálægt því að leggja skóna á hilluna fyrir fjórum árum síðan Kristófer Orri Pétursson er uppalinn hjá Gróttu og hefur gengið í gegnum tröppugang síðustu ára með Gróttuliðinu. Hann hefur leikið alla fimm deildarleiki Gróttu í sumar og lagt upp tvö af þeim sjö mörkum sem liðið hefur skorað. Kristófer Orri var nálægt því að hætta í fótbolta þegar hann var 19 ára gamall eftir að þrálát meiddi höfðu valdið því að áhuginn á íþróttinni var farinn að minnka.



Gróttumenn lönduðu sínum fyrsta sigri í sögu félagsins í efstu deild fyrir í vikunni. MYND/EYJÓLFUR GARDARSSON

●● Ég spilaði mína fyrstu deildarleiki 19 ára gamall árið 2017. Á þeim tíma átti ég ekki von á því að ég myndi spila í efstu deild með Gróttu.

„Ég var búinn að vera að glíma við meiðsli aftan í læri í eitt og hláft ár og fannst ég ekki fá þann möguleika sem ég ætti skilið með meistara-flokknum. Ég var að spá í að hætta þegar ég hitti Bjarka Má [Ólafsson] sem var þá að þjálfra 2. flokkinn. Eftir þann fund fann ég neistann aftur og hann spilaði mér sem framherja það sumarið,“ segir Kristófer Orri í samtali við Fréttablaðið.

„Þórhallur Dan [Jóhannesson] og Sigurður [Brynjólfsson] sem voru þá að þjálfra meistara-flokkinn vissu ekkert hver ég var en gáfu mér svo sjénsinn um veturinn og ég spilaði

mína fyrstu deildarleiki 19 ára sumarið 2017. Á þeim tíma átti ég ekki von á því að ég myndi spila í efstu deild með Gróttu,“ segir sóknar-tengiliðurinn.

„Hlutirnir hafa hins vegar próast þannig að við erum með gott lið þessa stundina sem á klárlega heima í efstu deild. Okkur finnst við vera með lið sem getur alveg haldið sér uppi og við vitum alveg hvað við getum. Umráðan var svolítið þannig að við yrðum fallbyssufóður eftir leikina við Blika og Val. Það hefur hins vegar sýnt sig í leikjunum þar á eftir að við eigum í fullu tré við liðin í deildinni,“ segir hann.

Gleymist stundum í umræðunni að við erum góðir í fótbolta

„Mér finnst stundum gleymast að leikmannahópurinn er skipaður góðum leikmönnum sem hafa fina reynslu af meistara-flokksfótbolta. Vissulega var skrekkur í okkur í leiknum við Breiðablik og ég viðurkenni það alveg að við fengum smá sviðsskrekk að spila fyrir framan

fullan völl gegn frábæru liði,“ segir Kristófer.

„Það er mikill léttir að hafa náð að landa fyrsta sigrinum en við förum í alla leiki í þessari deild með það að markmiði að ná í stig og fyrir leikinn í gær fannst mér við sigur-stranglegrí aðillinn. Þannig liður okkur. Það féll ekkert með okkur í leiknum við Fylki og okkur fannst við eiga meira skilið á móti HK.

Það var stór stund að ná í fyrstu þrjú stigin í efstu deild fyrir framan bestu stuðningsmenn landsins. Við erum með þéttan leikmannahóp og stemningin er frábær í hópnum. Svo eru margir stuðningsmenn liðsins bestu vinir mínir.

Við förum saman leikmennirnir og stuðningsmannahópurinn á Rauða Ljónið eftir leikinn og horfðum á tilþrif kvöldsins saman. Svo er bara áfram gakk og stutt í næsta leik og undirbúningur fyrir þann leik er hafinn,“ segir hann um framhaldið en Gróttta fær Skagamenn í heim-sókn á sunnudaginn kemur.

hjorvarolafsson@frettabladid.is

Landsmóti unglinga hefur verið frestað um eitt ár

ALMENNINGSÍÞRÓTTIR Framkvæmdanefnd Unglingalandsmóts UMFÍ hefur ákveðið í samráði við sóttvarnalækni og Almannavernir að fresta mótinu um ár. Þetta kemur fram í frétt á heimasíðu UMFÍ. Unglingalandsmót UMFÍ er vímu-lauss íþrótt- og fjölskylduhátið og hefur hún verið ein af stærstu og fjölmennustu hátíðunum um Verslunarmannahelgina.

Mótið átti að fara fram á Selfossi um Verslunarmannahelgina í samstarfi við Héraðssambandið Skarphéðin og Sveitarfélagið Árborg.

Eins og á fyrri mótum mátti búast við hátt í 10.000 mótsgestum, þátttakendum á 11-18 ára aldri, foreldrum þeirra, systkinum og öðrum.

Undirbúningur mótsins hefur staðið yfir um langt skeið. Dagskráin var fullkláruð og átti að bjóða



Keppt var á Höfn í Hornafirði í fyrra en keppa átti á Selfossi í ár. MYND/UMFÍ

upp á um 20 keppnisgreinar alla Verslunarmannahelgina og tónleika á kvöldin ásamt fjölda annarra viðburða og afþreyingar. Skráning hefur jafnframt verið í fullum gangi síðan um mánaðamót.

„Fjöldi fólks hefur lagt mikið á sig og hlakkað til Unglingalandsmóts UMFÍ á Selfossi. En við verðum að sýna ábyrgð og tryggja heilsu og öryggi allra þátttakenda og gesta mótsins. Þess vegna höfum við ákveðið að fresta mótinu um ár,“ segir Ómar Bragi Stefánsson, landsfulltrúi og framkvæmdastjóri móta UMFÍ.

Ómar segir mótshaldara harma þessa niðurstöðu en ákvörðunin sé hins vegar vel ígrunduð og með almannahagsmunum í huga. „Síðan sjáumst við saman á Selfossi 2021,“ segir Ómar Bragi enn fremur. – hó



FÖSTUDAGUR 10. JÚLÍ 2020

Lífsstíll



Uppistandarinn Jonathan Duffy lifði draum allra uppistandara í fyrra þegar hann túraði um Evrópu og skemmti fyrir fullu húsi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Elskar að fá fólk til að hlæja en er þreyttur

Uppistandarinn Jonathan Duffy kom til Íslands fyrir fimm árum og ætlaði að stoppa í mánuð. Hann hefur getið sér gott orð sem uppistandari en nú er hann þreyttur og því mögulega síðasti séns að sjá hann koma fram. ➔2

DAG HVERN **LESA****93.000**ÍSLENDINGAR
FRÉTTABLAÐIÐ
AÐ MEÐALTALI



Eini samkynhneigði ástralski uppistandariinn á Íslandi er mögulega að hætta. Eða taka sér hlé. En fyrst kveður hann með einlægum uppistandi.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir sandragudrun@frettabladid.is

Framhald af forsiðu ➔

Jonathan eða Jono eins og hann er kallaður talar gjarnan um sjálfan sig sem eina samkynhneigða ástralska uppistandarann á Íslandi. Hann frumsýndi á miðvikudagskvöldið uppistandssýninguna I’m Tired, eða Ég er þreyttur. Sýningin er hluti af Reykjavík Fringe hátíðinni sem lýkur núna um helgina. Sýningin er auglýst sem mögulega síðasta uppistandssýning Jono.

En hvernig stendur á því að uppistandari frá Ástralíu flytur til Íslands af öllum stöðum?

„Mér var sagt upp eftir næstum tíu ára samband. Ég var ekki viss hvað ég ætti að gera, ég vissi bara að ég vildi komast í burtu frá Ástralíu og skoða heiminn aðeins. Þannig að ég ferðaðist um Evrópu og síðasta stoppið mitt var hér á Íslandi,“ útskýrir Jono.

Hann gisti hjá vini sínum og hugsaði með sér að stoppa í svona mánuð. Síðan eru liðin fimm ár. Jono segir að það hafi alls ekki verið erfitt að aðlagast lífinu í svona köldu landi.

„Það elska ekki allir frá heitum löndum hitann. Mér finnst hlýir dagar góðir eins og öllum öðrum, en ég kem frá stað þar sem er yfir 40 stiga hiti sex mánuði ársins. Ég upplifði það í 30 ár svo ég held ég hafi fengið nóg. Mér líkar kuldinn. Mér finnst ég meira skapandi á veturna en á sumrin og mér finnst snjórinn alltaf töfrandi.“

Hélt ég væri bestur í öllu

Á síðasta ári mætti segja að Jono hafi lifað draum allra uppistandara. Hann ferðaðist um Evrópu ásamt Hugleiki Dagsyni með uppistandssýningu og var stöðugt bókadur á Íslandi. Þetta var eitthvað sem hann hafði dreymt um frá því hann var rúmlega tvítugur en Jono verður 35 ára á árinu. En í lýsingunni á uppistandssýningunni I’m Tired, sem er sýnd í Tjarnarbíó um helgina, segir að hann hafi áttað



Ég var feitur krakki sem gekk vel í skóla og augljóslega samkynhneigður, þó ég hafi ekki vitað það þá, brandarar voru því góð vörn.

sig á því að þetta væri kannski ekki draumurinn lengur.

„Síðasta ár var æðislegt! En svo í lok ársins þá byrjaði ég að skrifa nýja sýningu og var alveg hugmyndalaus. Það var þá sem ég byrjaði að efast um að ég vildi halda þessu áfram. Á síðustu fimm árum hef ég samið klukkutíma af nýju efni árlega. Það eru fimm ólíkar uppistandssýningar og allt í einu var ég orðin uppgefinn og leiður á sjálfum mér. Ég var orðin þreyttur á að þurfa alltaf að vera að auglýsa mig og fullvissa fólk um að ég væri hér ennþá. Ég íhugaði þess vegna að taka mér hlé. Svo kom Covid og ég missti allar bókanirnar mínar út árið svo ég hugsaði að kannski væri það tákn um að ég ætti að hætta,“ segir Jono.

Hann segir þó að hann sé ekki viss um hvað hann myndi gera ef hann væri ekki uppistandari því það hefur verið draumurinn svo lengi. Hann kom fyrst fram með uppstand í Ástralíu 19 ára gamall. Þá var hann að læra leiklist og var sannfærður um að hann vissi allt um heiminn.

„Ég hefði átt að vera stressaður en ég var það ekki því ég var viss um að ég væri bestur í öllu. Ég var samt virkilega lélegur. Það tók langan tíma að verða góður. Núna verð ég stressaður fyrir sýningar. en það er ekki sviðsskrekur. Mér er bara mjög annt um það sem ég er að gera og ég vil að áhorfendurnir skemmti sér. Þetta er svipað og að halda óvænta veislu fyrir einhvern sem þér þykir vænt um. Þú ert spenntur en líka hræddur um að eitthvað fari úrskeiðis.“

Vildi verða alvörugefinn leikari í kvikmyndum

Frá því Jono var krakki hefur hann haft unun af því að fá fólk til að hlæja.

„Ég var feitur krakki sem gekk vel í skóla og augljóslega samkynhneigður, þó ég hafi ekki vitað það þá, brandarar voru því góð vörn. Fólk var alltaf að segja mér að ég

væri fyndinn. En ég vildi leika aðalhlutverkið í kvikmyndum. Ég vildi vera alvörugefinn leikari. Ég áttaði mig svo á því að þó ég gæti gert bæði, leikið gamanhlutverk og alvarleg hlutverk þá var meiri vinnu að fá í gamanleik þannig að ég færðist meira í þá átt. Ég væri samt ennþá til í að gera bæði.“

Á sýningum sínum gerir Jono gjarnan grín að sjálfum sér og hvernig hlutirnir koma honum fyrir sjónir.

„Ég byrja alltaf að horfa á sjálfan mig því ég held það hjálpi áhorfendum að sjá að ég er ekki ónæmur. Ég held ég hafi alltaf gert þetta af því ég ólst upp með systur með proskahömlun. Börn eru grimmustu mannverurnar á jörðinni og ég man að ég reyndi að fá þau til að horfa á hlutina frá hennar sjónarhorni til að fá þau til að hætta að vera vond. Það hjálpaði alltaf ef ég gat fengið þau til að hlæja í leiðinni,“ útskýrir Jono.

„Ef ég ætla að kvarta undan einhverju þá vil ég að áhorfendur viti að ég gagnrýni sjálfan mig á sama hátt. Á sýningunum mínum hef ég talað um hluti eins og að vera útlendingur á Íslandi, að vera samkynhneigður, að eiga ekki börn og vera sáttur við það, fjölskylduna

Nýjasta uppistandið hans Jono fjallar um að hann sé þreyttur.

mína, stefnumót, hitt og þetta. Ef ég ætti að skilgreina grínið mitt þá get ég sagt að stundum tek ég fyrir hluti sem áhorfendurnir vita kannski ekki mikið um og fræði þá í gegnum grín. Það vita til dæmis ekki allir hvernig það er að fara á stefnumót sem samkynhneigður maður á fertugsaldri, ég gerði heila sýningu um það, þannig að ég geri grín að því og kannski læra áhorfendurnir eitthvað í leiðinni.“

Íslendingar kunna að hlæja að sjálfum sér

Jono er kannski þekktastur á Íslandi fyrir grín sitt um það hvernig hann sér Íslendinga með augum útlendings. Brandarinn hans um hvernig íslenska orðið hilla hljómar eins og ónefndur sögufrægur maður sem var foringi Þýskalands í seinni heimstyrjöldinni er til dæmis löngu orðinn frægur.

„Þessi brandari bókstaflega borgaði leiguna mína í tvö ár. Svo það mætti segja að Íslendingar kunni að hlæja að sjálfum sér. Ég mundi segja að Íslendingar séu mjög hrifnir af því þegar útlendingar gefa sér tíma til að kynnst sérkennnum þeirra og gera grín að þeim. Þessir brandarar hafa bara móðgað eina manneskju af þeim þúsundum sem hafa heyrt þá. Ég vona að hún lesi þetta og sjái að það var hún sem var húmorslaus og öllum öðrum fannst þetta drepfyndið.“

Jono segir að sýningarnar hans hafi þróast mikið undanfarið ár. „Þær eru ekki bara klukkutíma langur brandari. Ég er orðin berskjaldaðri í sýningunum og er það í nýju sýningunni líka. En í grunninn er þetta samt grín,“ segir hann.

Jono segir fyrstu sýninguna af I’m tired hafa gengið mjög vel og hann áttaði sig á því að hann hefur ennþá gaman af að skemmta fólk en það er samt óvíst hvort hægt verði að sjá hann sýna uppistand á Íslandi aftur.

„Ég er ennþá þreyttur og ég verð að leggja mig. Þannig að ef þið hafið elskað það sem ég hef gert áður, eða hafið misst af því, þá verðið þið að kaupa miða núna strax!“

FARANGURSBOX Í MIKLU ÚRVALI



HAPRO OG NORDRIVE

HAPRO ROADY 350



Burðargeta allt að 50 kg
300 lítra 48.990 kr

HAPRO ROADY 450



Burðargeta allt að 50 kg
420 lítra 59.990 kr

HAPRO TRAXER 4.6



Burðargeta allt að 75 kg
370 lítra Svart 84.995 kr

HAPRO TRAXER 6.6



Burðargeta Silfurgrátt 94.990 kr
allt að 75 kg Steingrátt 94.990 kr
410 lítra Svart 119.990 kr

HAPRO TRAXER 8.6



Burðargeta Silfurgrátt 124.990 kr
allt að 75 kg Svart 139.990 kr
530 lítra

NORDRIVE 330



Burðargeta allt að 75 kg
330 lítra Svart 58.989 kr

NORDRIVE 430



Burðargeta Silfur 53.499 kr
allt að 75 kg Svart 74.990 kr
430 lítra

NORDRIVE 530



Burðargeta Hvítt 79.889 kr
allt að 75 kg Silfur 79.889 kr
530 lítra Svart 92.169 kr



Bíla naust

Á FULLRI FERÐ

STÓRVERSLUN
DVERGSHÖFÐA 2
110 REYKJAVÍK
S. 535 9000

Vatnagarðar 12
104 Reykjavík
S. 535 9000

Dalshrauni 17
220 Hafnarfirði
S. 555 4800

Hafnargata 52
260 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

www.bilanaust.is

Bílar & Farartæki

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Þjónusta

Hreingerningar

Hreingerningabjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46
Hreingerningar - Bónun -
Bónleysing Flutningsþrif - Þrif
eftir iðnaðarmenn thvegillinn.
is - Stofnað 1969 Traustir og vanir
menn.

Garðyrkja

PROSTONE

- » Jarðvinna
- » Drenlagir
- » Hellulagir
- » Þökulagir

Þjónustum einstaklinga,
fyrirtæki og húsfélög

519 7780
prostone@prostone.is

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á gördum. Uppl. í s. 616 1569.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., planófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaveiðhald

PROSTONE

- » Smíðavinna
- » Múrvinna
- » Málningarvinna

Þjónustum einstaklinga,
fyrirtæki og húsfélög

519 7780
prostone@prostone.is

VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
Proventus starfsmannabjónusta
- proventus.is Sími 551-5000
Netfang proventus@proventus.is

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagir og trésmíði. S. 616 1569

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Barnaheill
See the Children & Istand
*Vissir þú að...
barni eiga ren á aðstoð
og hjálpar þau koma í afbaki*

Keypt & Selt

Til sölu

STIGA
Einstök gæði
Stiga Estate Pro 9122 XWSY
Sjálfskiptur lúxus sláttutraktor, 4WD
B&S 8240 Intek mótör, 13,1kW
Sérstyrkt sláttuborð,
360 ltr. graskassi
Frábær traktor í erfiðan slátt
Askalind 4, Kóp. Sími 564 1864 www.vetrarsol.is

HUMARSALAN
Humar, Ferskur Lax, Rísarækjur og fleira göðgæti úr hafinu. HUMARSALAN SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW.HUMARSALAN.IS S. 867 6677

Heilsa

Nudd

TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þór, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500
GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Atvinna

Atvinna í boði

ÓSKA EFTIR SMÍÐI.
Óska eftir vandvirkum og sanngjörnum smíði í verkefni. Upp. s: 618-1310

Tilkynningar

Tilkynningar

WWW.YAAKOVSWELL.NET
Here you will find a series of studies of the Blessed Torah. All the material is completely free. you may download it, copy it and give it away.

GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

SKIPULAGSBREYTING
Breytingar á deiliskipulagi Suðurhafnar og Kaplakrika í Hafnarfirði.

Suðurrhöfn - Háibakki og Fornubúðir 20
Skipulags- og byggingarráð samþykkti á fundi sínum þann 16.06. 2020 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi Suðurhafnar vegna breytinga við Háabakka og nýrrar lóðar að Fornubúðum 20 í samræmi við 1. mgr. 43. gr. Skipulagslaga nr.123/2010. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar staðfesti, þann 24.06. 2020, afgreiðslu skipulags- og byggingarráðs á erindinu.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér breikkun Háabakka og mótun nýrrar lóðar, Fornubúða 20, þar sem gert er ráð fyrir byggingarreit fyrir þjónustuhús veitna við Háabakkann.

Kaplakriki - reitur 3.2.3
Skipulags- og byggingarráð samþykkti á fundi sínum þann 30.06. 2020 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Kaplakrika, reits 3.2.3, vegna gatnamóta Flatahrauns og Skútahrauns við Kaplakrika, skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr 123/2010. Bæjarráð Hafnarfjarðar í umboði bæjarstjórnar, staðfesti afgreiðslu skipulags- og byggingarráðs á erindinu þann 02.07. 2020.

Breytingin tekur til gatnamóta Skútahrauns og Flatahrauns auk innkeyrslu á íþróttasvæði FH í Kaplakrika. Breytingin er gerð sem hluti af endurskoðun á leiðakerfi Strætó innan Hafnarfjarðar og er ætlað að bæta umferðaröryggi og umferðarflæði með staðsetningu hringtorgs á gatnamótunum, sem gerir strætisvögnum kleift að taka 180 gráðu snúningsbeygju.

Tillögurnar verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá umhverfis- og skipulagssviði Norðurhelli 2, frá 10.07. til 21.08.2020. Einnig er hægt að skoða gögnin á www.hafnarfjordur.is undir íbúar/skipulag í kynningu.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar í síðasta lagi 21.08.2020. Athugasemdir óskast sendar á skipulag@hafnarfjordur.is eða á:

Hafnarfjarðarkaupstaður
bt. umhverfis- og skipulagssvið
Strandgata 6
220 Hafnarfjörður

Nánar á hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR **585 5500** hafnarfjordur.is

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum
Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldir framkvæmdir

- Kolsýruframléiðsla á Hellisheiði, Sveitarfélaginu Ölfusi
- Uppbygging ferðabjónustu á Heyklifi, Kambanesi í Fjarðabyggð

skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106 /2000. Ákvarðanir liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðun má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **10. ágúst 2020.**

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum
Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldir framkvæmdir

- Efnistaka í námunum Miðfirði 1 og 2, Langesbyggð
- Ölfusvegur, Sunnumörk í Hveragerði og brú yfir Varmá, Hveragerðisbæ

skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106 /2000. Ákvarðanir liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðun má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **7. ágúst 2020.**

job
Finnum draumastarfið saman

Erum við að leita **að þér?**



intellecta.is

RÁÐNINGAR

ÞÍKISKAUP
AÐILI AÐ RAMMASAMNINGI

intellecta

SUMARTILBOÐ

20% AFSLÁTTUR



CORINNA

-20%



VERÐ 120.077 KR

VERÐ ÁÐUR 150.096 KR

INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA BOTN OG FÆTUR

Svæðaskipt heilsurúm, sérstýrktir kantar, 5 svæðaskipt pokagormakerfi, engin hreyfing milli svefnsvæða, góður toppur með hitajöfnun. Stífur, mjög sterkur botn, möguleiki á yfir 20 mismunandi litum áklæðum.

AVIANA

-20%



VERÐ 150.244 KR

VERÐ ÁÐUR 187.780 KR

INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA BOTN OG FÆTUR

Svæðaskipt þrýstijöfnunar heilsurúm (gefur góða aðlögun og þyngdardreyfingu), sérstýrktir kantar, engin hreyfing milli svefnsvæða. Stífur, mjög sterkur botn, möguleiki á yfir 20 mismunandi litum áklæðum.

ALEXA

-20%



VERÐ 187.840 KR

VERÐ ÁÐUR 234.800 KR

INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA BOTN OG FÆTUR

Svæðaskipt heilsurúm, sérstýrktir kantar, 5 svæðaskipt pokagormakerfi (gefur góða aðlögun og þyngdardreyfingu) framleitt úr sérvöldi tvihertu hágæðastáli, engin hreyfing milli svefnsvæða, góður toppur sem gefur enn betri aðlögun og þyngdardreyfingu með hitajöfnun, einstök tilfinning. Stífur, mjög sterkur botn, möguleiki á yfir 20 mismunandi litum áklæðum.

-20%



FORTE

RAFSTILLANLEGUR HÆGINDASTÓLL
MEÐ HALLANDI BAKI OG FÓTASKEMLI

VERÐ 79.840 KR

VERÐ ÁÐUR 99.800 KR

EINSTAKLEGA VANDAÐUR STÓLL
Á FRÁBÆRU VERÐI



-20%

TÍMAMÓT



Björk Þorleifsdóttir garðyrkjufræðingur. FRÉTTABLAÐID/ANTON

Á morgun er dagur villtra blóma

Árlega er haldið upp á dag villtra blóma á Norður-löndunum. Af því tilefni býður Grasagarður Reykjavíkur, í samstarfi við Flóruvini, upp á blómaskoðun fyrir börn í móanum fyrir neðan Áskirkju í Reykjavík á morgun, laugar-daginn 11. júlí.

Gangan hefst klukkan 10 og mæting er á bilastæðinu fyrir ofan Áskirkju við Vesturbrún.

„Við skoðum móann og lífríki hans og sérstaklega þær villtu plöntur sem hafa gert hann að heimkynnum sínum,“ segir Björk Þorleifsdóttir, verkefnastjóri fræðslu og miðlunar í Grasagarðinum. „Það verður spennandi að sjá hvað við getum fundið margar tegundir villtra blóma þarna og það er líka gaman að velta fyrir sér hvernig þær plöntur gagnast öðrum lífverum.“ Hún hvetur gesti til að taka með sér stækkunargler og handhægar bækur um íslensku flóruna. -gun



Fífilinn þekkja allir - en svo verður hann að biðukollu.



Þórður Árni Björgúlfsson

fyrirverandi rennismiður og verslunarmaður,

lést 5. júlí á öldrunarheimilinu Hlíð, Akureyri. Útför auglýst síðar.

Björg Þórðardóttir

Friðrik Viðar Þórðarson Kristín Jónína Halldórsdóttir
Björgúlfur Þórðarson Helga Guðrún Erlingsdóttir
og fjölskyldur.



Okkar kæri

Bragi Björnsson

Ísafold, Garðabæ,
aður Vogatungu 12, Kópavogi,

lést fimmtudaginn 25. júní sl.
Útförin fór fram í kyrrþey, 8. júlí sl. frá Digraneskirkju, að ósk hins látna.

Við þökkum öllum kærlega fyrir auðsýnda samúð.
Starfsfólki á Ísafold færum við þakki fyrir hlýju og góða umönnun.

Björn Bragason
Anna S. Bragadóttir
Sveinn Heiðar Bragason

Elin Heiður Kristjánsdóttir
Ægir Magnússon
Svandís Kristinsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.



Kira Kira, Framfari, Teitur, Hermigervill og Arnbjörg Kristín koma fram á tónlistarhátíðinni Vökuvísur í Unaðsdal.

Þykir afar vænt um að fá að vera í Unaðsdal

Haldin verður tónlistarhátíð í félagsheimilinu Dalbæ á Snæfjallaströnd á sunnudaginn. Hátíðin nefnist Vökuvísur í Unaðsdal. Meðal listamanna þar er Kristín Björk Kristjánsdóttir (Kira Kira). Hún er nú þegar á svæðinu vegna kvikmyndatöku.

Við Andri Freyr Arnarsson (Framfari) dveljum í Dalbæ eins og er, við tökum á stuttmyndinni Eldingar eins og við og ákváðum að slá í leiðinni upp tónleikum fyrir fólkið í sveitinni,“ segir Kristín Björk Kristjánsdóttir (Kira Kira) glæðlega. Hún er að tala um menningarviðburð í félagsheimilinu Dalbæ á Snæfjallaströnd á sunnudaginn, 12. júlí, klukkan 15.

„Við erum fimm sem komum fram á tónleikunum, allt eldingar - tónlistarfólk sem leikur í myndinni,“ heldur hún áfram. „Með mér verða sem sagt Framfari, Teitur Magnússon söngvaskáld, Hermigervill og Arnbjörg Kristín Konráðsdóttir sem spilar á Gong og er frumkvöðull í hljóðbóðum á Íslandi. Við Teitur erum líka að gefa út smáskífu sem við fögnum með frumflutningi á litlu samstarfsverkefni á sunnudaginn.“

Auk tónlistarflutnings verður svo opnuð örsýning í Dalbæ um alvarlega atburði sem gerðust við Vebjarnarnúp, milli Snæfjallastrandar og Grunnavíkur, fyrir rúmum 100 árum, eða veturinn 1920. Þau Kristín og Andri Freyr eiga bæði ættir að rekja til svæðisins sem þau eru stödd á. „Andri Freyr átti heima fyrstu árin sín á Tyrölmýri, þar sem vegurinn endar hér á Snæfjallaströndinni, þar lærði hann að ganga og tala og á mynd af sér að dansa á eldhúsgólfinu. Þannig að það er mikils virði að fá að taka myndina á þessum slóðum. Langalangafi minn og amma bjuggu hér í Unaðsdal, Kolbeinn og Sigurborg. Ég kom frekar seint hingað en er alveg dölfallin yfir þessari paradís. Við Andri Freyr erum svo líka að gera vögguvísuplötu saman og ætlum að leyfa fólki að heyra eitthvað af henni í Steinshúsi við Kaldalón 19. júlí.

Handrit stuttmyndarinnar Eldingar eins og við er eftir Kristínu Björk sjálfa, hún kveðst hafa verið að nostra við það í



Andri Freyr Arnarsson og Kristín Björk Kristjánsdóttir á slóðum forfeðra sinna og mæðra á Snæfjallastönd við norðanvert Ísafjarðardjúp. MYND/DAVID ALEXANDER CORNO



Sigurborg langalangamma mín réri ein á árabáti í snjóbyl um næturtíma yfir Ísafjarðardjúpið til Súðavíkur til að taka á móti barni, hún var ljósmóðir. Úr hverju er svoleiðis kona búin til? Mér finnst spennandi að hugsa til einhvers konar sameiginlegs þráðar á milli hennar og okkar hinna yngri sem göngum á jörðinni í dag.

nú á. Það byggi á sögum kjarnakvenna sem eru miklir naglar og líka blóm.

„Mér þykir afar vænt um að fá að vera hér í Unaðsdal þar sem formæður minar bjuggu. Ég kalla aðeins í þær þegar ég loka augunum og hugsa líka - hvaðan kemur þessi kjarni í kvendinu? Er það tímalaus orka sem drifur manneskjuna áfram til að láta gott af sér leiða? Sigurborg langalangamma mín réri ein á árabáti í snjóbyl um næturtíma yfir Ísafjarðardjúpið til Súðavíkur til að taka á móti barni, hún var ljósmóðir. Úr hverju er svoleiðis kona búin til? Mér finnst spennandi að hugsa til einhvers konar sameiginlegs þráðar á milli hennar og okkar hinna yngri sem göngum á jörðinni í dag.“

Ætlarðu að fara eitthvað inn í þessa sögu á tónleikunum á sunnudaginn, eða er hún bara meðal áhrifavalda þinna í myndinni? spyr ég. „Mér finnst allt vera tengt og yfirleitt flæða umfjöllunarefnin hjá mér áreynslulaust á milli miðla.“
gun@frettabladid.is

Bætum við
vörum daglega

Sjáðu allt úrvalið á
www.byggtogbuid.is

ÚTSALAN ER HAFIN

YFIR 4000 VÖRUR
Á MÖGNUM TILBOÐI!

ALLT AÐ
75% afsl.

KAFFIVÉLAR,
ELDHÚSÁHÖLD,
POTTAR OG PÖNNUR,
VÖFFLUJÁRN, BLANDARAR,
DISKAR OG GLÖS, HEILSUGRILL,
BORÐBÚNAÐUR, SAFAPRESSUR,
BÖKUNARVÖRUR, RYKSUGUR, SUMAR-
OG GRILLVÖRUR, BRAUÐRISTAR,
HRAÐSUÐUKÖNNUR, ELDFÖST MÓT,
HITAKÖNNUR OG BRÚSAR,
BAÐVOGIR OG MARGT
FLEIRA!

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

Sjáðu allt úrvalið á
www.byggtogbuid.is

byggto**g**búið

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

Líkaðu við okkur
á Facebook:
[www.facebook.com/
byggtogbuid](http://www.facebook.com/byggtogbuid)

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Föstudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
11°C 4	10°C 6	11°C 3
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl	Hveravellir
12°C 7	16°C 3	9°C 4

Hæg vestlæg eða breytileg átt í dag og víða bjartviðri, en skýjað við sjávarsíðuna og sums staðar dálítil væta þar. Hiti 5 til 12 stig á N-verðu landinu, annars 12 til 17 stig, hlýjast syðst.

Laugardagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
11°C 3	11°C 2	15°C 3
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl	Hveravellir
15°C 1	12°C 3	11°C 5

Sunnudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
11°C 2	10°C 2	15°C 1
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl	Hveravellir
18°C 2	11°C 3	11°C 4

LÉTT

2				6	1	5		
		1		2	4			3
	6						8	
		6	4					
4	7	2			5			9
	8		9	1		6	4	
		9			7			
8	3		7					
	4				3	8		

MIDLUNGS

3	4	9		7		6		
			6				3	1
		6				7		8
		3		9				7
	5			7	1			9
				5	8			4
		2				8		
8			5	2				
9	1				3			

PUNG

4		5			9		7	
	8	3			4			5
					8	2		
			2	4				
1						5	9	
	4	7				8		
			3			7	2	
					1	3		
			8					9

Krossgáta

- LÁRÉTT
1. blundar
2. stafur
3. stríðni
4. vanhirða
5. átt
6. frostsár
7. lauga
8. staðalgildi
9. harðneskja
10. veik
- LÓÐRÉTT
1. stofnun
2. kk nafn
3. sjúkrahús
4. flanað
5. málfæri
6. stutt
7. kirtill
8. vörumerki
9. tveir eins

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

